# Gestabók

# Hella

# á

# Barðaströnd.

Hella er talin fornbýli, byggð hefur þó stundum lagst niður.

Hún var ein af jörðum höfuðbólsins Brjánslækjar, er eitt sinn var eign Guðmundar ríka Þorleifssonar á Reykhólum. Þá var jörðin talin 12 hdr., að fornu mati.

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er jörðin talin í eyði, þar segir m.a. „meinast illa kunna að byggjast sökum átroðnings", enda sagnir um að byggð hafi lagst niður sökum gestanauðar, þar eð býlið liggur í þjóðbraut í sýslunni, er farin er Þingmannaheiði, svo og frá Barðaströnd um Kollagötu norður um.

Til eru sagnir um að vel hafi verið búið að Hellu og um bónda er þrívegis kom fótum undir bústofn sinn á Hellu, en hann gekk alltaf af honum aftur, er hann fluttist frá Hellu.

Býlið átti slægjur og selstöð í Smjördal. Rjóminn þar var sagður svo þykkur að skeifa flaut á troginu.

Fjallið vestan við Vatnsdalsvatn heitir Hellufjall. Á því er Helluvatn, allstórt og djúpt. Úr því fellur smá áin Eiðisá í Vatnsfjarðarbotn. Eyðibýlið Hella er sunnanundir fjallinu, þar eru volgrur. Kotinu tilheyrir lítill varphólmi í firðinum, Helluhólmi. Útfiri er hér mikið og flæðihætt.

Penningsdalur eða Peningsdalur er rétt vestan við Hellu. Gengur hann til norðurs og ná nyrstu drög hans norður undir Lómfell. Áin Penna, eða Peningsdalsá, fellur úr dalnum um þröngt og djúpt gljúfur til Vatnsfjarðar. Smjördalur gengur vestur frá Peningsdal. Um hann fellur Smjördalsá í djúpu og þröngu gljúfri.

—o—

15. ágúst 1951, miðvikudag, lét Jóhann Skaptason, sýslumaður á Patreksfirði flytja lítið hús á vörubíl, frá Patreksfirði að Hellu og draga það upp á gamla bæjarhólinn. Voru þá staddir þar við vegamælingar Jón J. Víðis landmælingamaður og og Þorvaldur S. Þorvaldsson, menntaskólapiltur og hjálpuðu við að koma húsinu á staðinn, einnig Kristleifur Jónsson vegaverkstjóri og nokkrir úr vinnuflokki hans, en vegamenn höfðu þá vinnubúðir sínar við ósa Peningsdalsár

—o—

Leigusamningur er Jóhann hefur um Hellu er dagsettur 22/11'49

—o—

Síða 4 er tóm.

1951. Fyrstir gistu í húsinu aðfaranótt 16. ágúst. fimmtud. Jóhann Skaptason og Páll smiður Jóhannesson, frá Patreksfirði, er annaðist smíði hússins. Einnig gisti Grétar Páll Guðfinnsson smiður

22. ágúst, miðvikud. komu Jóhann Skaptason, sýslumaður og frú hans Sigríður Víðis Jónsdóttir, gistu í fyrsta sinn í húsinu, tíndu ber.

26. ágúst, sunnud. komu þau aftur ásamt Halldóru Sigurðardóttur, dóttur Auðar systur Sigríðar. Frá Haga var frú Björg með, tíndu 25 lítra af berjum, fóru heim samdægurs.

31. ágúst, föstud. komu Sigr. og Jóhann og Halldóra. Tíndu 26 l. af aðalbláberjum og 10. l. af öðrum berjum, gistu.

29. október, mánud. komu Jóh. og Sigr., ásamt Jónasi Ásmundssyni skrifstofum. í B33 að Brjánslæk, fóru þaðan í jeppa að Hellu. Gengu frá húsinu fyrir veturinn.

1952.

24. maí. laugard. komu Jóh. og Sigr. að Hellu. Einar í Brjánslæk flutti þau í Hellu hólma, settu þar upp veifur, 15 æðarhreiður eru í hólmanum.

21. júlí mánud. gistu Jóh. og Sigríður og Jak. Litli Halfdánarson í Hellu húsi, en Jón Víðis, Þorvaldur Þorvaldsson og Ásg. Jakobsson í tjaldi. Reykvíkingarnir fjórir komu frá Reykjavík á Esju kl. 12 á miðnætti, Ásgeir til að mála sjúkrahús.

25. júlí. föstud. gistu þeir sömu og 21. þ.m.

26 júlí laugard, gengu Jóh. og Jón Víðis á Hellufjall, síðar völdu Þorv. Kristl. og Jón veglínu um Brjánslæk

27. júlí. sunnud. Jóh. og Sigr. Jakob

og Ásgeir fóru heim, þeim fylgt að Brjánsl.
28. júlí. mánud. vegmæling Brjánslækur
– Arnórsstaðaskriður – Símt. við Jóh.
er sagði bíl hafa strandað í Hrísnesá,
varð hann að vaða með Sigr. í land,
en Ásgeir tók Jakob. Skömmu síðar
bar Gunnar Waage þarna að og gat
dregið bílinn upp og héldu þau á Patr.
29. júlí. þriðjud. nú er steikjandi
hiti, mælingu lokið, haldið í Örlygs-
hafnarveg til Hildimundar, ætlum
m.a. að velja veg um Hafnarmúla

3. ágúst. sunnud. Við Þorvaldur Þor-
valdsson komum að Hellu kl 3⁰⁰ þar
eru sýslumannshjónin og Jakob
og Ásgeir. – Við vorum í tveggja dag-
a rannsóknarför, á föstud. og laug-
ardag um hálendið til Arnarfjarðar.
Fórum 1. ág. ásamt Kristleifi verkstjóra
í jeppa að Hjálkafjarðarám, gengum
þaðan fyrir drög Vatnsfjarðar og á
snjóbrúm yfir Austurá Vatnsfjarðará
og Útnorðurá, suður fyrir Botnalauta-

hrúk um Dynjandiheiði niður að Kirkjubóli í Mosdal kl $5^{30}$ að morgni 2. ág, sváfum til kl 12. Af stað aftur suður kl $2^{15}$ nokkuð styttri leið á 14 tímum að jeppa á heiði, gott veður, komum í tjald okkar í Kleifum í vinnubúðum verksh. kl $2^{30}$ um nótt. Þokan elti okkur.

Nú, 3. ág. samferða Hellubúum til Patreksfjarðar. Ráðgerum að fara í næstu viku um Arnarfjörð og að Kirkjubóli í Mosdal. Þeim megin fóru.

16. ágúst, laugard. fóru Sigr. og Jóh. Ásgeir og Jakob að Hellu og gistu.

15. september, mánud. gistu Sigr. og Jóh. á heimleið af fjórðungsþingi í Bjarkarlundi, komu ríðandi fengu illviðri á Klettshálsi

27. sept, laugard. komu Sigr og Jóh gistu fóru heim á sunnud, berjatínsla.

1953 24. maí hvítasunnudag og 25. maí gistu Sigr. og Jóh, mjög gott veður.

9. júlí, fimmtud. komum hingað kl 12<sup></sup>45 í nótt, Ég, JDÞ, Þorvaldur og Haukur Sig. fjölduðum. Sigr. og Jóh. komu rétt á eftir. Förum í dag ásamt Jóhanni ríðandi fram Peningsdal, um Þverdal og Hellu skarð, Vatnahvilft, fyrir Botnshest, sáum niður í Geirþjófsfjörð og til Dynjandiheiðar, gist Hellu.
10 júlí, merktum fyrir skógræktar-girðingu, héldum á Patreksfjörð.

31. júlí, föstud. gistu Sigr. og Jóhann komu úr Flatey, fóru
1. ágúst á bíl sínum austur á Klettsháls, lélegan ruðningsvegt til vegamanna er voru að vinna þar

29. ágúst, laugard. komu Sigr. og Jóh tjölduðu hér, fóru heim á sunnud.

7. sept., mánud. við Haukur og Þorv.

komum til Kristleifs í sumarbúðir undir Gunnsteini kl. rúml. 6 í gær, eg þá lasinn með 38.4° stiga hita. Hátta í tjaldi kl 7 kvöldist til hádegis í dag, þá orðinn góður, litlu síðar komu Sigr. og Jóhann austan frá Bjarkarlundi, af fundi þar. Við samferða heim vestur, stönsum á Hellu í berjum til kl 6 þá til Patreksfjarðar

Var þetta fyrsta bílferð okkar að austan alla til Patreksfjarðar

9. sept. miðvikud. Við erum nú á austurleið, gistum hér í tjaldi Sigr. og Jóh. í húsi. Berjatínsla - Hér Björg í Haga.
10. sept. fimmtud. Við fylgdum Sigr. og Jóh að Þverá, er var í vexti og fóru þau yfir hana á fjöru.
Við héldum austur að Gunnsteini.

28. sept. mánud. komu Sigr. og Jóhann seint að Hellu, höfðu gengið á 4 tímum frá Kjálkafjarðarám úr bílnum hjá Hav. á Kletti, en þau höfðu farið í gær 27/9

í bíl með Jóhannesi Ásgeirssyni úr Rv. í Búðardal og komst þaðan í Reykhólasveit, til gistingar.

1954 19. maí, miðvikud. komu Sigr. og Jóh til gistingar að Hellu vegna skógræktargirðingar er þau ætlaðu að koma þar upp.

8. júní, þriðjud. komu Sigr. og Jóh. og með þeim Jóhannes Sveinsson. Miðhlíð og 3 aðrir. er settu upp skógræktargirðingu Jóhanns.

Guðm. Sveinsson, Rauðsdal og Sigr. og Jóhann gróðursettu 300 plöntur, greni furu, lerki.

9. júní. miðvikud. fóru Sigr. og Jóh í Helluhólma með Ragnari á Brjánslæk, þar voru 33 æðarhreiður og toppönd, kendi og svartbakur, kría ekki orpin. Þau héldu til Flateyjar um kvöldið.

20. júní, sunnud gistu Sigr. og Jóh.

á Hellu á heimleið frá Bjarkarlundi

1. ágúst, sunnud. Við þorv. þorv., samferða Sigr. og Jóh. að Hellu. Fórum svo ásamt Jóh og Blesa og Gráma í Peningsdal upp að þverdalsgili og gengum veglínuna þaðan niður að brst. á Peningsdalsá heim 11$^{30}$

2. ágúst, mánud. Enn í Peningsdal. Skruppum öll síddegis á kænu í Helluhólma. Tók mynd er við eigum stakkbát. Skruppum um kvöldið að Fossá.

3. ágúst. þriðjud. Héldum á Patreksfj. Kári Valsson með frú Patreksf. í bíl svo á trillu inn með ströndum Suðurfjarðar, Trostansfj., Geirþjófsfj. Kári til Hrafnseyrar, við að Glúfurá til Kvísklefs.

17. ágúst. þriðjud. Sigr. og Jóh. komu úr þingaferð, - gistu halda svo til Akureyrar og á Fljótsdalshérað og svo til Reykjavíkur.

9. sept. fimmtud. gistu Sigr. og Jóhann

á heimleið. Til Patr. daginn eftir.

11. september, laugard. Sigr. og Jóh. gistu, komu úr brúðkaupi Bjarna Hákonarsonar í Haga og Kristínar Haraldsdóttur frá Rossá og Höskuldar Þorsteinssonar og Ásrúnar Kristmunds-dóttur

21. sept, þriðjud. gistu Sigr. og Jóh. fóru heim daginn eftir, komu í Haga.

1955 16. júní, fimmtud. gistu Sigr. og Jóh. á á leið í Bjarkarlund

9. júlí, laugard. Við Svanur Sveinn, stud. med. skólabr. Þorvalds, fórum úr Rv. í gær eftir hádegi. [32970] Samferða eru Jóh. og Sigríður í sínum bíl B2. Systur Jóhanns samferða frá Dalsmynni í sínum bíl. Gistum í Bjarkarlundi. Í dag þaðan, ath. á leiðinni með Gísla Gíslasyni, Djúpadal veg um Þrongil. Þáðum kaffi á Brekku. Gistum nú að Hellu.

10. júlí. sunnud. Skruppum að Fossá að athuga veg. svo á Patreksfjörð

23. júlí, laugard. Vorum í dag í Suðurfjörðum, gerði m. a. upp kaupsjöll við Gísla „galdra", bónda í Fossi. Ókum svo hingað í hellirigningu kjöldum um kl 2
Sigr. og Jóhann eru hér í húsinu, komin úr Flatey.

24. júlí. sunnud. Sigr. eftir á Hellu. Við Svanur förum ásamt Jóhanni og Magnúsi í Botni í bíl að Fossá, þaðan á hestum ásamt Haraldi og Páli frá Fossá fyrir Kjálkafjörð í Litlanes í blíðskaparveðri. Í Litlanesi eru 4 í heimili feðgar Júlíus 80 ára og sonur hans Guðmundur og Theresa og gömul kona

Við lentum í 80 ára afmælisveislu Júlíusar, súkkulaði og kaffi.
Símuðum til Óskars í Firði er flutti okkur í trillu í roki og regni að Fossá, fengum þar kvöldverð, kom á Hellu kl 1⁰⁰.
Meðan við vorum í Kjálkafjarðar-

för kom Guðm. Kr. Guðmundsson úr Reykjavík að Hellu og heimsótti Sigríði.

3. ágúst, miðvikud. gistu Sigr. og Jóhann á austurleið. Sama dag hrapaði Páll Kristianssen í bíl sínum af vegi í Hellulhlíð niður í fjöru í gegnum skógarþykkni, er slútti fram af brún. Fólk slapp furðu lítið meitt.

11. ágúst, fimmtud. komu Sigr. og Jóh. að Hellu, á leið í Flatey.

8. septemb. fimmtud. komu Jóh. og Sigríður að Hellu á leið á fjórðungsþing í Bjarkarlundi. Með þeim voru Albert Guðmundsson, Tálknaf. og Jón G. Jónsson, Bíldudal.
Þau borðuðu á Hellu.

27. sept. þriðjud. flutti Jóh. Hauks Karlsson að Hellu er athuga á líkur

fyrir börnunum eftir heitu vatni þar.

15. október, laugard. Sigr. og Jóh. komu
að Hellu og gengu frá húsi og bát fyr-
ir veturinn, með aðstoð Brjánslækjar-
bræðra.

1956 19. apríl, fimmtud, 1. sumardagur,
dvöldu Sigr. og Jóh á Hellu; góðu veðri,
Sigr. færði húsmæðrum í Haga og Brjáns-
læk ný kjötlæri og ávexti og börnum
í Hvammi súkkulaði.
Fóru heim samdægurs, með þeim frá
Brjánslæk Ragnar og Magnús.

4. júní; mánud. komu Jóh. og Sigr að
Hellu og með þeim Hannes Finnbogason
læknir og Tómas Guðmundsson prestur
og Guðm. Sveinsson, gróðursettu talsvert
af plöntum.
10. júní, sunnud. komu að Hellu Jóhann og
Sigríður og María systir hennar og Bjarni
dóttursonur hennar, þau voru á leið suð-
ur. Frá Brjánslæk komu Einar og Theodóra

móðir hans, frú Brjánslæk. Á Hellu
var veitt súkkulaði og kaffi.

Jóhann, Sigríður, María og Bjarni héldu
austur í Bjarkarlund og svo til R.víkur.
Mæðginin fylgdust með á Þingmannaheiði.

22. júní, föstud. gistu Sigr. og Jóh. á heim-
leið frá Reykjavík.

1. júlí, sunnud. voru Sigr. og Jóh. á Hellu.
Jóhann fór í Hellu hólma með Ragnari
á Brjánslæk og sótti dún.

7. júlí, laugard. komu Sigr. og Jóh. síð-
degis að Hellu, höfðu stansað í Haga-
voru um kyrt á sunnudag, skruppu
að Fossá á mánud., fóru svo heim.

16. júlí, mánud. gistu Sigr. og Jóh. á
austurleið í þingaferð.

31. júlí, þriðjud. hélt Ari Kristjánsson
austur um eftir að hafa litast um vestra
Með honum voru 2 bræður hans, Óli

kaupm. af Húsavík og Halldór gull-
sm. úr Reykjavík og Friðjón sýslum.
úr Dalasýslu. Sigr. og Jóh., fylgdu þeim
að Hellu og veittu kaffi og brauð, að
skilnaði.

13. ágúst, mánud. komum við Svanur,
og Jakob að Hellu um kvöldeð. Sigr. og Jóh.
komu kl 12. Í gær hlyddum við messu
hjá Grími presti Grímssyni í vistheimil-
inu í Breiðuvík. Við förum svo að Látr-
um. Þórður fór með okkur út á Bjarg,
bauð síðan í mat og hjá Ásg. Erlendss
voru okkur boðnir ávextir. Við komum
til Daníels og heimleið drukkum við kaffi
á Hnjóti - Sigr. og Jóh. voru að kveðja.-
14. ágúst. þriðjud. Við enn í Peningsdal,
og völdum veg í þverdal.- Jóhann gekk
á Klakk, nyrsta klakkinn á 3 klt. og 40 m.
Jóh. og Sigr. fóru heim, við gistum.
Jóhannes Áskelsson kom að Hellu í dag.
15. ágúst, miðvikud. Svanur og Jakob
hallam, við héldum svo í Vatnsfjörð til
Magnúsar Ólafssonar.

16. ágúst, fimmtud., komu Sigr. og Jóh. snöggvast að Hellu, meðan þau biðu báts í Flatey, sátu næsta dag mikið og fjölmennt kveðjusamsæti í Flatey
18. ágúst, laugard. komu Sigr. og Jóh úr Flatey og gistu á Hellu.
19. ágúst, sunnud. heimsóttum við Svanur og Jakob Hellubúa, við höfðum verið að mæla veg um Rauðsdalagrundir og Krossanesmýrar - Sigr og Jóh. fylgdu okkur í Þingmannadal. Við heldum að Skálmardalsá til að mæla veg að brúnni sem Jónas Gíslason er að smíða

25. ágúst, laugard., gistu Jóh. og Sigr. eftir manntalsþing í Haga, en þar sátu þau svo fjölmenna skilnaðarveislu, skruppu á sunnud að Firði til að kveðja og að Vattarnesi.

3. sept. mánud. gistu Sigr. og Jóh., voru í berjaleit, fengu lítið.

28. sept. föstud., komu Jóh. og Sigr. að Hellu til að kveðja staðinn. Voru á leið til Húsavíkur, til að setjast þar að, þau lentu um kvöldið í hrakningum á Klettshálsi, bíllinn fauk á hálku af veginum, og lenti á hlið út í tjörn. Magnús Ólafsson var í fylgd með þeim, en var nú á eftir, dvaldist hjá brúarsmið við Skálmardalsá. Hann kom þeim nú til hjálpar og flutti þau að Kletti, þar sem vel var tekið á móti þeim.

1957 13. júní, fimmtud. komu að kvöldi að Hellu til gistingar Jóhann og Sigríður og Jón Hálfdanarson, voru um daginn í Gufudal við jarðarför Andresar Ólafsonar á Brekku. Urðu svo samferða Fossárhjónunum vestur, skruppu um kvöldið að Brjánslæk.

14. júlí, föstudag. fóru í Hellu hólma með Ragnari á Brjánslæk. Þar eru nú 40 æðarhreiður. Að Haga um kvöldið.

15 júlí, laugard, sólskin, blíða, dúnn þurkaður. Þórður Helgason og Vigfús Þorsteinsson,

vegavinnumenn komu í kaffi. Héldu til Patreksfjarðar, um kvöldið, gistu hjá sýslumannshjónunum.

16., 17., 18. júní, ferðalög um Vesturhreppa.

19. júní, miðvikud. héldu að Hellu, gistu.

20. júní, fimmtud. gott veður. Bjarni Gestsson, Arnórsstöðum hjálpaði við að gera við skógræktargirðinguna. Guðmundur og Theodóra, fylgdu á há-þingmannaheiði. Komu í Brekku, gistu á Kinnarstöðum, fóru næsta dag til Reykjavíkur.

4. júlí, fimmtud. Jakob, Svanur og Jón Víðis fóru í gær 3. júlí frá Rvík til Magn. Ólafss. er hafði sínar vinnubúðir í Kvígindisf. Komum árdegis að Hellu höfum í dag verið í Peningsdal, m.a. mæl nýtt brst. á Peningsdalsá.

5. júlí, föstud. Höldum frá Hellu til mælingar Bíldudalsvegar

16. júlí, þriðjud. komum í nótt kl. 4 að Hellu, vorum í gær í Örlygshafnarvegi m. á Látrum, komum að Hnjóti að gera upp land-

spjalla og gerðum gamál. Þórir á Hvalsk.
náði okkur á Skersfjalli; var að leita
konu sinnar, tyndrar

16. júlí miðvikud. fórum á hestum frá
Kirgundisfirði út með firði að Sornanesi
að athuga vegstæði, bóndinn kom hálfa
leið á móti okkur, bauð kvöldverð,
við fórum til gistingar á Hellu.

17. júlí, fimmtud. Kl. var orðin 2½ í nótt
er við komum hingað í náttstað. Í
dag eftir hádegi, gengum við endanlega
frá veglínu í Peningsdal frá brot á Pend.i
að Þverfjalli. Jakob sand silunga 2 frá
Sauðlauksdal

18. júlí. föstud. höldum á Hjarðarnes.

9. ágúst. föstud. við förum úr Rv. kl. 3 ca
hittum Jónas í Stard. í Hvalf. og Magnús
Ingimundarson í Kollafirði. Í dag förum
við inn í Dynjandisvog á Trillu, til
Þorst. Ólafssonar.

1958 20. júlí. sunnud. Vorum á Múlanesi
Jakob. Svanur. Magnús. Jón. fórum alla leið

að flugvelli hjá Skálmarnesmúla, mældum m. a. það sem fer undir veg af túnum á Hamri og Deildará, gist á Hellu

21. og 22 völdum veg úr Þverdal um Helluskarð og fyrir botn Trostansfjarðar. 21. gengu Jakob og Svanur á Ísufell.

23. júlí miðvikud. Höldum á Þingeyri.

11. ágúst, mánud. Mældum í gær veg að Láganúpi í Kollsvík, borðum miðdagsmat, silung í Sauðlauksdal hjá sira Grími Grímssyni, komum á Patreksfjörð og í Tálknafjörð til Braga, stönsum snöggvast á Hellu, höldum svo austur til girðingar á Þorskafjarðarh. og svo í Kjálkafjörð til Kristleifs.

15. sept. mánud. Sigr. og Jak. og Jón Hálfdanarson kom að Hellu kl $5^{30}$ og gistu. Höfðu farið á 2 dögum frá Húsavík, gist á Akureyri og í Bæ, komu til Jochums í gróðrarstöð hans.

Fóru að Brjánslæk. Hæstu barrtré í tóft á Hellu eru nú 70 sm. há.

16. sept. þriðjud. Mikil ber fynd.
Ari sýslumaður kom að Hellu og 4 synir, fengu góðgerðir, með Ara var Bára Halldórsdóttir, kona Arna Gunnars, einnig kom Ragnar á Brjánslæk og fengu góðgerðir. Jóhann og Jón Hálfdanarson gengu í Hellukolma á gínandi fjöru. Fóru á Patreksfjörð og gistu 2 nætur.

18. september, fimmtudag komu að Hellu Jón Vidis, Svanur Sveinsson, Jakob Hálfdanarson - kl 6 - kjöldeidu, litlu síðar komu Jóh. Sigr. og Jón frá Patreksfirði og gistu.

19. sept. föstud. um kyrrt, Jón og Jakob hlóðu vörðu á Hellufjalli, ber við himinn.

20. sept. laugard. mældum veg hjá Brjánslæk. Borðuðum öll miðdagsmat hjá Magnúsi Ólafssyni í Penningsdal.

21. sept. sunnud. Sigr. Jóh. og Jón héldu nú austur, við urðum samferða í Mjóafjörð, skildum þar, völdum veg fyrir botn fjarðarins og útmeð hinumegin.
Gistum Hellu.

22 sept. mánud. héldum áfram mælingu

vegar frá Brjánslæk

- 23. sept. fordyed. platarm. við þverdá
svo í Kollsvík til Braga.

18. október, laugard. Bragi Thorodd-
sen flutti mig J.d.V. frá Patreksfirði
síðdegis í vinnubúðir Magnúsar
Ólafssonar við brúarst. á Penings-
dalsá í Peningsdal. Það er milt veð-
ur, alauð jörð og kolniðamyrkur
um kvöldið, Magnús er að vinna
að vegagerð fram dal, ýtumenn
fóru heim, svo hann er einn. Við
Bragi fengum ágæta heita katsúpu
og ket, Bragi fór, ég gisti á Hellu.
Ég var að koma frá því að mæla
veg ofan flugvallar á Ísafirði, er
einn á ferð. Ég flaug til Ísafjarðar á
frá Rvík á miðvikudag, vann sama
dag og á fimmtudag að vegmæling-
unni, þá var komið rok. Á föstudag
voru 11 vindstig í Rv., engin flugvél
fór, ég tók fyrir að ferðast á pumlinum,
landveg. Charles flutti mig í Kirkju-

ból í Önundarfirði, þangað sótti Sigður mig, eg gisti á Þingeyri. Á laugardal, frá Þingeyri kl 9⁰⁰ að Rauðkúlu við Arnarfjörð. Þar biðu oddviti og kaupfélagsstjóri af Bíldudal þess að veður lægði. Eftir hádegi kom stór mótorbátur frá Bíldudal og sótti okkur. Til Patreksfjarðar komst eg svo með kaupfélagsstjóranum er átti þangað erindi og frá Patreksfirði með Braga hingað að Hellu. –

19. október, sunnud. Við Magnús gengum upp að bruarst á Þverdalsgili í því er mikill vöxtur, á vegi okkar var kynstur af aðalbláberjum, er voru alveg óskemmd.

Magnús flutti mig að Gróustöðum í Reykhólasveit, náði þar í son Jóns á Skálanesi og komst með honum á Lambhagamel, hann fór á Akranes, þaðan komst eg með skuggalegum náungum í Hvalfjörð og loks þaðan heim til Reykjavíkur með Friðjóni sýslumanni í Dalasýslu, kl 1³⁰ Jón Víðis –

1959 30. maí, laugard., komum að Hellu kl 8 að kvöldi, Svanur, Jakob. Jón. Var í gær við jarðarför Ara Guðmundssonar í Borgarnesi, ásamt vegam.stj. Ari féll af hestbaki og beið bana. Síra Leo á Borg og Sig Lárus úr Stykkish. jarðsungu.

Til okkar að Hellu kom Magnús Ólafsson, um kvöldið úr vinnubúðum frá Krossi á Barðaströnd.

31. maí, sunnudagur, 65 ára afmæli. Skruppum til Magnúsar í mat. Ókum fram Penningsdal, svo sem vegur nær. Héldum gangandi um vegstæðið til Geirþjófsfjarðar. Miklar fannir voru í brúnum Vatnahvilftar. Vorum 14 tíma á göngu komum að bíl kl 12 á miðn. gistum að Hellu Í dag var glaðasólskin og blæalogn en svalt.

1. júní, mánud. Mældum brú. á Holtsá, vorum á Patreksfirði, komum að Botni til Magnúsar Ólafss. Að Hellu kl 2 nótt.

2. júní, þriðjud. Magnús Ólafsson
með á þingm.heið, við svo að hala út
vegl. Sprænuá - þverá síðan til gisting-
ar á Þorskafjarðarheiði Jakob er
nú einn með í ferð, í sumar.

14. júní, sunnud. Sigr. og Jóhann gistu
á Hellu í nótt komu kl 2⁰, þau fóru úr
Reykjavík kl. 12³⁰ í gærdag.

15. júní, mánud. þau í Brjánslæk að til-
kynna 7 fleddar kindur, er Ragnar og
Einar björguðu, voru svo öll út í
Hellnhólma, tóku dún, nú eru 52 æðar-
hreiður þar, 2 andahreiður, teistur, lóndi.
Settu upp veifur - Skruppu í Haga,
Vesturbotn og Patreksfjörð til Ara sýslu-
manns og Svavars og aftur í Haga á
heimleið. Að Hellu kl 4 um nótt

16. júní, þriðjud, hríðarhraglandi.
Héldu frá Hellu um kl 7 í Krókfjarðarnes.
dvöldu þar 17. júní á þjóðhátíðarfagn-
aði í Garpsdal, til Rv. 18. júní með síra
Eiríki J. Eiríkssyni.

22. júlí, miðvikud. Við Jakob vorum

á Blönduósi í nótt, komum frá því að mæla Hveravallaveg upp úr Blöndudal, komum við í Búðardal hjá M. Rog í Þorskafirði hjá M. Ing. Að Hellu kl 2 um nótt, gistum.

23. júlí, fimmtud. Haukur kom, ég fór með honum og Magn. Ólafssyni gangandi alla leið að Selzadalsvatni, þangað á hann að mæla að sunnan frá Þverdalsá, – á móti mér norðanfrá. Að Hellu kl 12³⁰

24. júlí. föstud. Við sóttum Sigfús að Fossá og fór með honum að Þverdalsá að hallamæla yfir ána. Þá um Barðaströnd til Bíldudal og á ferju til Hrafnseyrar og til Þorsteins Ólafssonar við Tröllадalaá. Þar kl 3 í nótt.

6. ágúst. fimmtud. gistum að Hellu. Magnús er við vegagerð, Sigfús við brúargerð í Penningsdal.

7. ágúst. föstudag. Við gengum á Ísufell. Hér kom Gvendardalsbóndi úr Kinn í grasaleit, gistum á Hellu.

22. sept. þriðjud. Mældum veg hjá Raknadal, síðar í Kvestu – Gáfum Braga ferðabók Eb. Hendersons
Gistum enn að Hellu.

23. sept. miðvikud. Vorum í Vestfjarða-vegi hjá M.Ól. – Norðanmenn eru að komast að Efravatni í Þverdal, eru þá ólagðir um 500 m. vegar í Þverdal.
Við Jakob heldum austur, en bíllinn bilaði á Kleifaheiði og töfðumst við þar lengi, þar til Yngvi á Fossá kom okkur til hjálpar og merum við þá aftur vestur að Hellu, þar kl 4 nótt.

24. sept. fimmtud. – Heldum nú austur um og í Dali.

30. september, miðvikud. Við Jakob komum frá Birni Haldimundarsyni í Mjósundum, kom við á Dröngum á Skógarströnd og gáfum Unnsteini Magnússyni ferðabók Eb. Hendersons
Við hittum vegamálastjóra í R 150 í Búðardal, með honum var maður hans Axel Guðmundsson, [illegible]

Hann er á leið í Vestfjarðaveg, sem er nú að komast í umferð. Við borðum hjá Magnúsi Rögnvaldssyni. Jakob fór nú heim í R 2976 í skóla, en eg með vegamálastjóra á Barðaströnd. Við gistum á Hellu. Eg var á divan, vegamstj. í rúmi, Axel svaf á gólfi í svefnpoka.

1. október, fimmtud. Höldum norður Hellisskarð, þó vegur sé ekki fullgerður, í vinnubúðir Þorsteins Ólafssonar í Vatnahvilft, borðum þar, þar komu m.a. sýslum. Jóh. Gunnar Ólafsson, Sturla Jónsson, Eiríkur Þorsteinsson o.fl. Við snerum til baka í vinnubúðir Magnúsar Ólafssonar í Fífuhvammi í Þverdal. Þar var þá kominn m.a. sýslumaður Barðstrendinga Ari Kristjánsson. Var nú sest að kaffidrykkju og veiga, haldnar ræður og vegur sagður formlega opnaður.

1960 25. júní, laugard. Við Jakob gistum í Bjarkarlundi í nótt. Hér er M. Ing.

Jóhann og Sigríður komu um hádegi, urðum þeim samferða ~~vestur~~, Borðum úti í Kollafirði í góðu veðri. Komum að Hellu kl 6 – Skruppum að Brjánslæk í kvöldkaffi, gistum á Hellu. –

26 júní, sunnud. Héldum norður Hellu-skarð. Sigfús er að brúa Norðdalsá. Komum að Dynjandisfossum. Kaffi á Þingeyri í bakaríi. Heilsum upp á Stefán á Kirkjubóli. – Kvöldmatur hjá Charles á Ísafirði, skruppum í Bolunga-vík að hitta sveitarstj. gist í Herkast.

27. júní, mánud. Inn í Álftafjörð ásamt Charles, að ath. vegagerð. Í Hattardal var verið að "taka af". Miðdagsm. á Uppsölum. – Síðar í kaffi til systurinnar. Renndum okkur í Súgandafjörð og loks í kvöldkaffi á Kirkjubóli hjá Stef. áni – Gist á Hellu bar kl $2^{00}$ nótt.

28. júní, þriðjud. Borðum hjá Magn. Ólafssyni. Komum í Haga og á Patr.fj. að hitta Braga verkstj. Við Jakob í kvöldmat með Sigr. og Jóh. hjá systurinni. Komum inn að Haga á austurleið. Gist Hellu.

29. júní, miðvikud. Röktum veglínu frá brú á Norðdalsá niður í Trostansfjörð, reyndist ófær. Hvað hvedir á brúm er byggja á í sumar á Vestfj.v. Hitti þorst. Ól og Gunnar Pétursson hjá Sigfúsi við Norðdalsá. Sigr. og Jóh. voru á Brjánslæk. Urðum nú öll samferða austur. Jóh. og Sigr. heldu austur í Bjarkarlund og svo til Rv. við Jakob á Heiði og svo á Þingeyri.

/

11. sept. sunnud. Við Jakob komum frá Ísafirði og Þingeyri. — Mældum frá 2.-7. þ.m. ásamt Þorst. Ólafssyni veg niður í Trostansfjörð, á móti Hauki og Reyni, er mæla neðan frá. Hittum nú Magnús Ólafsson á Hellu og ákváðum með honum veg um Kjálkafjarðarár, vegna nýrra brúa. Gist á Hellu. —

12. sept. mánud. Höldum nú til Patr.fj. til að velja vegstæði með Braga og Hauki um Mikladal.

17. sept, laugard. Við Haukur gistum á Hellu í nótt, höfum mælt veg um

Mikladal í Patreksf. á Kjöl. – Jakob fór heim í skóla 14. þ.m. Við Haukur héldum til Kristleifs verkstj. í Heydal. í Mjóafirði í Djúpveg.

1961 23. júní, föstud. Við Jakob héldum úr Reykjavík kl $10^{00}$ f.h. áleiðis í Barðastrandarsýslu. Jóhann Skaptason er með okkur í bílnum. Við komum við í Stardal, hjá Jónasi Magnússyni verkstjóra. – Fórum Uxahryggi. Borðum kvöldmat í Bjarkarlundi. Sigfús við bríarg. á Þingm. heiði. Komum að Hellu kl 12 á miðn. – Sumargestir að veiða í Penningsdalsá.

24. júní, laugard. Ókum í vinnub. Þorst. Ólafs. í Vatnahvdfj. Hann ekki heima er í 70 ára afmælisfagnaði föður síns á Hlaðhamri í Hrútafirði. Komum í Dynjandisvog – Til baka að Hellu. Við Jakob með Braga og Ármanni á Þingmannaheiði. Jóh. vann á meðan í gróðrarstöð og skrapp í skólabíl í Brjánslæk.

Einar flutti hann til baka að Hellu.
Við mældum síðan út hótellóð á
Hellu en héldum síðan á Patreksfj.,
Jóh. til sýslum. við í gistih. í áh.h.

25. júní, sunnud. Allir í mat til
sýslumanns, svo í kaffi til Svavars
Fórum inn í skógræktargirðingu í
dal. – Sólskin og gott veður.

Mældum á austurleið br.st. á Rakna-
dalsá, Hlaðseyrará og Holtsá á Barða-
strönd. Komum í Botn, Haga og Brjáns-
læk. – Gistum á Hellu. –

26. júní, mánud.. Fórum kl 8 fh. í Helluhólma
á bát Einars á Brjánslæk. Nú eru 40 æðar-
egg í hólmanum. Höldum nú austur og
1 svo suður. (– Tók krók niður á Mýrar í
Þverholtaveg að athuga skurðgröft. Á
leiðinni höfðum við hitt M. Ingim.son í
Kollaf. er bauð miðd.m. og komið í Króks-
fjarðarnes í kaffi) Í Rv. kl 3 nótt

17. ágúst, fimmtud. Við Jakob komum
að Hellu um miðnætti í nótt, gistum.
Komum frá Ísafirði, þangað úr Djúpi

höfdum mælt þar kaflan um þernuvík
og um Breiðfirðinganes.
Höldum á Patreksfjörð og svo í
Tálknafjörð að mála Suðureyrarveg.
19. ágúst, laugard. Erum nú á austur-
leið, stönsum snöggvast á Hellu og byrj-
ur lítillega að mála húsið að utan, en
höldum svo að Valshamri á Skógar-
strönd og svo til Björns Hildimundar-
sonar í vinnubúðir í Paradís.

8. okt. sunnud. Við Jakob komum seint í
nótt hingað til gistingar, gistum síðast
í Krókfjarðarnesi - þar gekk enkv. pest -
eg lasinn. Jakob málar hús utan, hrótt
og glugga utan og innan. - um kyrt sunnu-
d., mánud.
10. okt. þriðjud. Héldum á Patreksfjörð að
mála Hlaðseyrarhallinn
12. okt. fimmtud. Við Jakob gistum hér í
nótt. Luku[m] í gær í blíðskaparveðri að
mála veg ofan Hlaðseyrar. Komum með
Magnúsi Ól. að Botni. Móðir hans er
nú orðin blind, var lengi blind á öðru auga.

Nú höldum við í Djúp, að Látrum, átum að skoða vegstæði í Laugardal og um Ögurnes og Skötufjörð.

1962 5. júní, þriðjud. Förum kl 10⁰⁰ úr Rv á gær til Valdimars við Saurbæjará. Mældi í dag brot á Tunguá mál Háafelli á Hlíð_arvegi í Dölum og Vesturlandsveg hjá kaupfél. í Búðardal - Að Hellu kl 1⁰⁰ nótt.

6. júní miðvikud, vorum á Patreksfirði og Hlaðseyri, Kom í Haga að síma Gjöstum á Hellu -

7. júní, fimmtud. Byrjum að mæla veg um Helluhlíð, 600 m inn eftir frá Pen.d.á

8. júní föstud. Haukur og Reynir komu kl 10 um morg. Við Haukur völdum veg-línu inn í Mörk hann á að mæla - Jakob og Reynir hallam. fyrstu 600 m.

Við Jakob héldum austur um í Bjarkarlund, svo í Dali og með Jakobi á Fellsströnd og loks til Reykjav $^{10}/_6$ 1⁰⁰

27. ágúst, föstud. Komum í dag frá Mjóafirði í Djúpi, gistum á Hellu.

Nú erum við þrír saman. Jakob. JÓU
og Már Hásson, hann hefur verið með
síðan eftir 17. júní, m.a. í ferð til Aust-
urlands frá 26/6 til 28/7

26. ágúst, sunnud. Í gær vorum við á
Patreksfirði og fórum um Dynjandiá.
og alla leið að Mjólkárorkuveri.
Förum nú austur og í Dali og Borgarfj.

25. septemb. þriðjud. Í gær fórum við að
Lambavatni á Rauðasandi, svo í Örlygs-
höfn, að Hnjóti og um Hafnarfjall að
Látrum. Þórður var með út á Bjarg
og bauð oss í kvöldmat. gistum svo á Patr.
Í dag lukum við mælingu lóðar
félagsheimilis á Patreksfirði. Á aust-
urleið komum við í Hagabúðina
Hákonar. þar kaffi og góðgerðir
komum kl 6 að Hellu. bar- gistum
29. september, laugard. gistum hér í
nótt þrír. Már, Jakob, Jón U.
Á miðvikudagsmorgun 26 sept. héldum
við snemma frá Hellu og vorum
komnir kl 10 f.h. upp á Sandafell í

Dýrafirði, rétt upp af Þingeyri.
Það var sólskin og blæalogn.
Ég vann þarna allan daginn til kl
8 um kvöldið við að teikna upp út-
sýnisskífu, hringsjá. Jakob skrapp
niður í þorpið eftir vatni, matreiddi
svo í logninu ágætan mat, súpu,
fiskbollur með sósu og kartöflum, kaffi.
Við röðuðum okkur á sæti við borð
er við settum upp og nutum matarins.
Hringsjáin er teiknuð að beiðni sr.
Stefáns Eggertssonar, hann hefur látið
ryðja veg upp á fjallið og kom þang-
að sitt sinn með mér, og teiknaði þá
upp fjallahringinn - Síra Hafnir í Rv.
Við ókum um kvöldið til Ísafjarðar.
1 borðum á Mána kaffi gestum Merk.
Fimmtud. 27. sept. Við hallamældum
á fjöru línu frá Hafrafelli á Fleygsöll,
beggja megin frá og gerðum so dýptar-
mælingu af báti yfir sundið.
Hitti sýslum. Eftir kvöldmat í Bolunga-
vík að hitta oddv. Jónat. Einarss, Krist-
leifur var staddur á Ísaf. og kom með.

Föstud. 28. sept. Förum í Súðavík og á vegarenda í Álftafirði. Eftir hád. í Súgandafjörð í Spillisveg. Lýður nú með frá Ísaf. - Kaffi hjá Hermanni oddvita - Skila Lýð á Ísafjörð - Mældum vegspotta í Önundarf. með Stef. á Kirkjubóli - Kvöldm. á Kirkjubóli

29. september, laugard. Austur um og norður Þorskafjarðarheiði alla leið í Ögur. Ætlum á heimleið að freista að komast úr Mjóafjarðarbotni, frá Hörgshlíð út með firði um Keldu í Vatnsfjörð, nýja veginn, þó þarna sé ólagður vegur á kafla. Erum á heimleið til Reykjavíkur.

1963. 4. júlí, fimmtud. Við komum hér að Hellu í gærkvöldi þrír Jón Víðis, Már og Jakob. Jakob hefur ekki verið með fyr en nú í sumar í þessari ferð. Var að vinna í Keflavíkurvegi. Síðastl. mánud. 1. þ.m. fórum við frá Drangum á Skógarströnd á trillu út í Brokey á Breiðafirði að mæla bilst á milli eyja, svo í Dali og Reykhóla-

sveit, héðan förum við í Sjötunahlíð í Álftafirði, þangað kemur Haukur Sigurðsson og mælir veg að Eyri við Seyðisfjörð. Aðstoðarmenn í mælingaferðum í vor voru í Ólafsvíkurför, Gunnar Kristjánsson. Í Gilsfjarðarferð og Klofningsvegar 22-30 maí voru Már og Þorvaldur Gunnlaugsson.

9. júlí, þriðjud. Við gistum hér í nótt, komum úr Trostansfirði. Í morgun skruppum við í Helluskarð og niður í Bíldudalsveg, sem byrjað er nú á. Þar voru Bragi Thoroddsen og Magnús Ólafsson í Botni. Við ókum nú allir í Mjóafjörð og gengum svo um Litlanes og fyrir Kjálkafjörð og að Auðshaugi, borðum þar kvöldmat (4×5=200) Gistum á Hellu. Magnús og Bragi fóru í Vattarfjörð.

10. júlí, miðv.d. Héldum frá Hellu, förum að Kletti í Kollafirði til Haralds Sæmundss. er velur með okkur veg yfir Kollafjarðarheiði, norður að Djúpi. Förum svo í Vatnsfjörð í vinnubúðir Kristleifs.

2. ágúst, föstud. Við gistum hér 3 í nótt á Hellu, Már, Jón Viðir og Jóhannes Björgvinsson, lögregluþjónn, erum að ákveða staði fyrir umferðarmerki, frá 23. júlí. Fórum um Snæfellsnes og Dali og hingað. Jakob er í Danmerkurför með föður sínum og fóni bróður sínum, sem leikur þar.
Við borðum morgunverð í veitingahúsinu á Hellu og höldum svo norður um til Þingeyrar og áfram.
5. ágúst, mánud. Gistum hér enn 3 í nótt, förum lengst til Bolungavíkur, höldum nú til Patreksfjarðar og þaðnæst suður um til Reykjavíkur.

13. ágúst, þriðjud. Við komum að Hellu kl $2^{30}$ í nótt og gistum. Nú er Jakob með okkur Má, hann kom s.l. laugardag frá útlöndum og Már kom í gær úr Laugardalsför, er hann var í með allri sinni fjölskyldu á 40 ára afmæli eldra Más, föður síns.
14. ágúst, miðvikud. Við mældum í dag

veg niðri í Trostansfirði, frá Sunnudalsá og upp brekkur sunnan við bæinn Trostansfjörð. Jakob og Már fóru í bílnum hringinn um Hálfdan, Patreksfjörð, Kleifaheiði, Barðaströnd og Helluskarð niður í Bíldudalsveg, að vinnubúðum vegamanna, þangað upp gengum við Bragi neðan úr Trostansfirði. Lagðir hafa verið 7 af 10 km. af veginum. Gistum á Hellu.

15. ágúst. fimmtud. – Nú höldum við norður, til að velja endanlega veg um Breiðadalsheiði

1964 21. maí. fimmtud. Við Jakob fórum úr Reykjavík kl 5 í gær, komum í Hvalfjörð til Stefáns og í Búðardal til Magnúsar, komum að Hellu kl 4⁰⁰ í nótt. Höldum nú til Patreksfjarðar á sýslufund

23. maí. laugard. Síðan á fimmtudag höfum við mælt veg af Mikladalsskeli, niður á Víðieyrar í Tálknafirði, með Braga og sonum hans. Vann úr

mel. og afh. Braga, héldum svo um Suð-
urfirði, fengum kvöldkaffi og mjólk hjá
Filippíu og Gesti í Trostansfirði. Í dag
var regn og rok á fjallinu _ Gistum á Helli.

24. maí, sunnud. Við fórum frá Helli til $10^{30}$
norður Vestfjarðaveg, borðum á Þingeyri og
höldum svo ásamt Lýð Jónssyni vstj. til
Ísafjarðar að hitta sýslumann. Hann
ekki heima. Ræddi um sýsluvegi við
fulltrúann Hermann Jónsson og sýslu-
skrifarann Ólaf Ólafsson. Hittum odd-
vitann í Hnífsdal, _ Kvöldmatur- á
Kirkjubóli. _ Gist aftur á Helli.

26. maí, mánud. Höldum nú suður
að ræða við sýslum. í Búðardal og
Borgarnesi um sýsluvegi.

14. júlí þriðjud. Við hjónin, Jón og Védís, Jakob
Halfdánarson, Már Másson fórum í gær
13/7 til $6^{30}$ síðdegis úr Reykjavík í Búðardal.
Í dag vorum við í Gilsfirði hjá M. Ragnars
Skruppum á Reykjanes að ákveða um-
ferðarmerki. Kaffi á Reykhólum hjá
Svani Sveinssyni lækni, er fylgdi okkur

í Bjarkarlund. Komum til Magnúsar Ingimundarsonar í Þorskafirði og Ármanns í Kerlingarfirði, í kvöldmat. (Már verður nú með okkur við málingar, var áður í vor með Hauki Sig.) — Gist á Hellu.

15. júlí, miðvikud. Nú höldum við til Guðm. Þorlákssonar í Dýrafjörð.

27. júlí mánud. Við komum að Hellu í nótt og gistum. Í gær fór eg með Braga og Má um Örlygshafnarveg að Látrum. Jakob varð eftir á Patreksf. Þáðum kaffi hjá systur Braga konu Þórðar Jónssonar. Ásgeir Erlendsson fylgdi okkur á Bjarg. Á heimleið komum við í Kvígindisdal til Snæbjarnar Thoroddsens og nutum þar kvöldverðar og ágætrar gestrisni þeirra hjóna. (Snæbj. hafði tekið loforð af mér að koma) Það var orðið framorðið er við komum að Hellu.

Héðan höldum við í vinnubúðir Ármanns í Kerlingarfirði og málum veg sunnan Þingmannaheiðar,

inn fyrir Mjóafjörð út á Litlanes. Haukur Sigurðsson, Jón Hálfdanarson og Magnús Ólafsson í Botni mæla veg á móti okkur, frá Auðshaugi, inn fyrir Kjálkafjörð að Litlanesi.
Haukur skreppur þó fyrst heim til sín að vera í 80 ára afmæli föður síns á morgun, 28. júlí.

7. ágúst. fimmtudag. Komum hér að Helli kl. 11$^{30}$ í gærkvöldi, Tröllatunguheiði af Ströndum, höldum nú til Guðm. Þorl. að mæla Flateyrarveg og Breiðadalsheiðarveg.

9. september. miðvikud. Við gistum á Helli í nótt. Jón J. Víðis, Jón Hálfdanarson, Már Másson. Jón er með frá 21. ágúst. Jakob flaug til Noregs 22. ágúst til náms í tæknifræði í Þrándheimi. Þann 6. þ.m. kl. 6 að morgni, sunnud. fauk tjaldið ofan af okkur í hvössu hríðarveðri, höfðum tjaldað kvöldinu áður við

Kaldbaksgil norðan Kaldbakstúns.
Nú höldum við á Breiðadalsheiði.

23. sept. miðvikud. Við athuguðum í dag vegstæði Svalvogavegar. Fyrst Dýrafjarðarmegin, ókum í Keldudal og gengum í Hafnarófæru. Nár var þá með, en við skildum hann eftir á Þingeyri, hjá síra Stefáni Eggertssyni, er kom honum í flugvél suður, en við héldum um Hrafnseyrarheiði og út í Svalvogaveg Arnarfjarðarmegin. Um Auðkúlu og Álftamýri að Stapadal í bíl, þá gangandi út fyrir Skútu-björg. Lýður Jónsson var með okkur, hann hélt til Þingeyrar en við Jón Hálfdanarson til gistingar hér á Hellu. –

24. september. Nú förum við í Trostans-fjörð til móts við Braga Thoroddsen, ætlum að mæla vegstæði norðan Trostansfjarðar um Trostansfjarð-arófæru, ráðgerum svo að gista hjá Svani á Reykhólum, mæla veg um Laxá í Hrútaf.., skreppa þaðan á Húsavík og svo heim.

16. maí. sunnud. Við Jón Hálfdanarson
1965 erum einir á ferð. Förum frá Reykjavík
að kvöldi 11. p.m. í Borgarnes, næsta dag
12. maí til Flateyrar, komum við í ýmsum er-
indum á leiðinni. 13. maí sat ég á sýslu-
fundi í Súgandafirði með Jóhanni
Gunnari Ólafssyni sýslum. Guðm. Þorl.s.
v.stj. og sýslunefndarmönnum. Á eftir
allir í kaffisamsæti hjá Sturlu fv. oddv.
Við förum svo á Ísafjörð og í Hnífsdal
að ræða við Einar oddvita Steindórsson
gistum á Ísafirði í Króki 4.
14. maí förum við til Bolungavíkur
að hitta sveitarstjórann og sýslu-
nefndarmanninn Jónatan Einarsson
15. maí förum við um morguninn í Súða-
vík að hitta oddvita og athuga veg-
stæði um hlíðina ofan við þorpið. Seinna
um daginn fór ég á fund sýslumanns.
Þá héldum við í Barðastrandarsýslu,
Guðmundur fylgdi okkur á sýslu-
mörkin að Eiríksvatni, en við héld-
um um Trostansfjörð og Hálfdan á
Patreksfjörð og gistum í gistih. áh.h.

Í dag 16. maí vorum við Bragi fyrir hádegi hjá Rob. Sig. Sýslum. að ræða um sýsluvegi. Eftir miðd.m. hjá Braga fylgdi hann okkur að Miðhlíð á Barðaströnd. Sömdum við bóndann um bætur á túni vegna vatnsskemmda, er hemma má vegi um. Er við Jón komum að Hellu, hófum við að mála þak hússins með grænni málningu.

Brotist hefur verið inn í húsið og og læsing á innri hurð ónýtt, engu öðru hefur verið spillt.

17. maí, mánud. Lukum við að mála þak, höldum svo austur. Ætlum að mála tvö brúarstæði á leiðinni, á Álftadalsá á Efri-Gufudalsvegi og á Kvísl í Djúpafirði – Gistum væntanlega í nótt á Reykhólum, hjá Svani lækni Sveinssyni, höldum svo í Króksfjarðarnes og mælum vegi í Gilsfirði.

22. maí. þriðjud. Nú erum við þrír á ferð Jónsi Víðis, Jón Hálfdanarson Már

Másson. Við fórum úr Reykjavík kl 2 í dag, með er Kristján bóndi í Djúpadal. Við mættum Hauki og Steingrími Arasyni v.fr. á Geldingadraga. Sigfús Kristjánsson er að brúa Kvíslina í Djúpafirði, hann kom með okkur í Kollafjörð, við mæld-um þar brúarstaði. Komið var fram yfir miðnætti er við komum að Hellu og gistum.

23. júní, miðvikud. . Nú höldum við um Patreksfjörð yfir Hálfdan í vinnu-búðir í Seljadal og mælum veg um Hálf-dan úr Vatnabrekkum upp á Kjöl.

27. júní, sunnud. Við gistum hér í nótt, er á suðurleið, ætlum að mæla breyting-u á vegi um Mjóafjarðará. Í gær óð ég frá Hellu í böðlum út í Hellu-hólma, náði sjór mér næstum undir hendur, tók dún úr 17 hreiðrum, varð að flýta mér vegna aðfalls. Jón og Már ætluðu að „vaða í sjálfum sér" en hættu við það vegna sjávarkulda.

21. júlí. miðvikud. Við fórum úr Rv. kl 5 í gær. Með okkur Jóni og Má er Bjarni Þórisson (Bradley) sonur Maríu Þorvaldsdóttur. Hún er stödd í R.vík í kynnisför með 2 sonum sínum, Bjarna og Edward. Á heima í Kaliforníu er gift Kanadamanni Edw. Bradley.

Við komum kl 1 í nótt í Kollafjörð og tjölduðum þar í skógarrjóðri í mjög góðu veðri, nálægt Eyrará er Sigfús er að byggja. Í dag höfum við verið í Mjóafirði með Braga, en komum hingað í kvöld allir 4 til gistingar. Már og Bjarni verða að liggja á gólfi í svefnp.

1965 26. júlí. Komum hér að Hellu á miðnætti sl. Í kofa gistu Sig. Haukur, Guðrún Kristinsd. Trausti Sigurðsson, Kristinn Kristinsson, Guðrún Sveinsdóttir, Sigríður Kristinsdóttir, en Reynir Kristinsson strengdi segl yfir eina tóftina og svaf þar. Leggjum af stað í indælisveðri í leit að Jóni Viðis, Jakob og Má

5. ágúst, fimmtud. Við erum nú á suðurleið frá Ísafirði, komum aðeins við á Hellu og rákum út úr húsinu miklum aragrúa flugna. Nú er Barni Þórisson ekki með hann flaug til Rv. frá Ísaf. 27. júlí og litlu síðar fór mamma hans María og drengirnir vestur um haf til Kaliforníu.

19. ágúst, fimmtud. Komum Jón J. Vedís Jakob og Már að Hellu kl $3^{45}$ e.h.ad. Með eru Sigr. og Jóh. í sínum bíl. Við fórum úr Rvík í gær kl $1^{30}$. Heilsuðum upp á Jochum í Þorskafirði. Borðum á Brekku, miðdagsmat, Jóh gaf litla Andr. 1000 kr. Hittum bræðra systkin hjá Dalsm. í Borgarf. og Ólafi í Króksfj.n í Saurbæ. Sigr. og Jóh gistu á Kinnarst. við í tjaldi við læk þar hjá, á venjul. tjald-stað. Hér að Hellu kom í dag Guðmundur Ingi Kristjánsson frá Kirkjubóli í Bjarnardal, kom frá veitingaskála, beið þar áætlunarbíls. Stöðugt sólskin og blíðviðri, mikið um bláber og krækib.

Jakob er nú á förum til Þrandheims, en skrapp með okkur hingað að Hellu komst um miðnætti í bíl Gunnars og Ebenesars til Reykjavíkur, eyddi nær öllum deginum í athugun á R 1711. – Sigr. og Jóh skruppu að Brjánslæk.

20. ágúst, föstud. Dvöldum fram eftir degi á Hellu en fórum svo öll í bíl Jóns. um Helluskarð, Bíldudal, kaffi hjá Jóni hreppsstjóra á Patreksfirði í kvöldmat hjá Svafari, sýslum ekki heima. Á austurleið kvöldkaffi í Haga 88 ára afmæli Hákonar – Komum að Hellu kl 1^{40} nótt.

21. ágúst, laugard. Úlfar Bragason kom um morguninn í bíl með Bárði syni Árna Gunnars á Patr. f verður bílstj.

Við ókum f. hád ruðn. veg með Vatnsdalsó.

Síðar öll samferða austur. Sigr. og Jóh. héldu í Króksfjarðarnes og til gistingar í Garpsdal

Við norður Þorskafjarðarheiði, komum við í sæluhúsinu þar. Magnús Ingimundarson heldur þar nú til við ofaníburð. Við í Botn í Mjóafirði

til Jóns Fannbergs og fórum með honum á fjall í seinna málið.

28. ág. laugard. Komum kl 1⁰⁰ í nótt hingað að Hellu í Kalsaveðri, frá Ásg. Kristmundssyni í Veiðileysu. Mæld- um í leiðinni Steinadalsveg og kom- um Steinadalsheiði. Í dag er höfuðdags- straumur og gengum við á lágum veð- sligaðum á fjöru út í Hellishólma, öll hreiður voru dúnlaus

Við höldum nú til Þingeyrar og Flateyrar

14. sept. þriðjud. Úr Rv. kl 10⁵⁰ í n.a. regni og enn rigndi mikið í Borgarf. Stytti upp í Dölum og nú kl 10 að kvöldi er gott veður hér á Hellu. Við komum í Mjóafjörð í kvöldmat. Þar var drukkinn maður frá Patreksfirði „blaðamaður" að fá fréttir af vegagerðinni. Til Reykjavíkur komum við að vestan 6. sept. Úlfar Bragason varð þar eftir en nú er Jón Halfdanarson með, nýkominn úr tafiför frá Spáni.

15 sept. miðv.d. Nú förum við Hellu-skarð og í vinnubúðir á Hálfd. og mælum veg í Hlíðadal.

17. sept. föstud. Höfum lokið vegmæl. um Hálfdan niður að Keldu og höld-um norður um Reykjarfj. í laug og um Trostansfjörð að Hellu.

18. sept. laugard. Í dag ókum við í Kjálkafjörð að Auðnum. Kári og Jón gengu með í fjarðarbotn, en við Bragi héldum áfram út með firði og um Litlanes og í Borgarnes, þaðan í bíl með Ármanni í Mjóafjarðarvinnu-búðir, í kvöldmat og síðan með Jóni og Kára til gistingar á Hellu.

19. september, sunnud. Vorum um kyrrt á Hellu og veggfóðruðum hús-ið með eikarveggfóðri og þerðum hellu

20. sept. mánud. Völdum vegstæði um Mörkina og mældum brúarstæði á Þingmannaá á væntanlegu veg-stæði Vestfjarðavegar — Gist á Hellu.

21. sept. þriðjud. Af stað kl $10^{00}$ frá Hellu

til Þingeyrar að mæla þéttbýlisveg.

26. sept. sunnud. Vegamálastjóri kom á Sandodda í flugvél 23. sept. Nán fór heim í skóla með sömu flugvél.
Við Jón fórum í Arnarfjörð með vegam. stj., sýslum. og Braga, þá á Patr. fj. borðum á Þórsg. í Osp. Frúin sagðist vera að hætta veitingasölu og bauð okkur að skilnaði, – sem liðum við- skiftavinum – matinn ókeypis
24. sept. fórum við á Ísafjörð, Bragi og sýslum. fylgdu okkur að Hrafnseyri þar í miðdagsmat. – Guðm. mætti okk- ur á sýslumótum. Snjór var á Breiðdalsheiði. Borðum allir hjá Sigfúsi við Ulfsá – gist í Kroki 4. –
25. sept. fórum við í Bolungarvík hittum Jón Tómason, sveitarstjóra. Vegamstj. fór af flugv. kl $1^{00}$ Við unnum að mæl. vegar að flugvelli, einnig 26. sept. til kl $6^{45}$ Stelldum þá suður – Kaffi á Þingeyri hjá Þórði Sigmundssyni og konu hans dóttur Karls Proppe – að Hellu kl $11^{05}$

27. sept. mánud. Nú höldum við norður í Djúp, förum væntanlega Kolla-fjarðarheiði sé hún fær, hefur verið unnið að ruðningi hennar að undanförnu. Skreppum svo í Kaldalón til Kristleifs og í Vatnsfjörð ... til Ásgeirs. Ráðgerum Húsavíkurför 30. þ.m.

966 20. júlí, miðvikudag. Komum í nótt kl 1 e.miðn. af Ströndum, frá að mæla veg um Kálfanesháls og Skáldstaðaveg í Reykhólasveit. Ingimundur Magn. fylgdi okkur að Gufudal að athuga varnargarða. Á þingmannaheiði var þokusuddi. Höldum í dag til Patreksfjarðar. Sumarið blátt á loftið

Jón Víðis, Már V. Másson

Jón Hálfdanarson

22. júlí föstud. Aftur á ferð að vestan, austur um og í Djúp. Sólskin, blíða, fluga. JóV, M.V.M, J.G.H.

27. júlí, miðv.-d. Úr Rv. kl 7 gær. gisti Br. hús Jóns Finnss ytrbg. í smiðum

Mældum í gærkvöldi veg um Bæjará komum að Hellu kl. 1 e. miðn.

Í Reykjavík vorum við í 40 ára afmælisveislu Hauks Sigurðssonar 24. júlí s.l.

28. júlí, fimmtud. Mældum 600 m. kafla af Siglunesvegi, Bragi þar, svo í "Öspina á Patr. og í Tálknafj. að mæla í Tunguþorpi. – Gist á Hellu.

29. júlí, föstud. Nú förum við í vinnubúðir Guðm. Þorlákssonar að mæla Gemlufallsheiði

15. ágúst, mánud. Komum í gærkvöldi laust, eftir miðnætti (kl. 12<u>45</u>) – gistum. Komum frá Skarði í Skötufirði, mæld-um þar veg um tún og Skjaldfann-arveg og loks vetrarveg um Hamar-og í Reykhólasveit veg að Borg.

Bíll nú slæmur í gang, hitti á Hellu Eirík Ásgeirsson, forstj. strætisv. Rv. á Volvobíl. Fékk hjá honum kerti í bílinn, en við förum til viðgerðar-mann á Patreksf., þá um Reyðarfjörð

og Trostansfjörð til gistingar á Hellu.
16. ágúst, þriðjud. Ágætt veður. Nú förum við til Ísafjarðar og síðan í Bolungavík á fund Helga Hallgr.s. ofl.

4. septemb. sunnud. Við höfum í sumar lokið mal. vegar á Breiðadalsheiði að mestu beggja megin og um Gemlufallsheiði og Súgandafjarðarveg af Botnsheiði niður í dal. Tyndum ber í Súgandafirði í gær er við höfðum lokið malingunni, lentum á heimleið í flóði í fjarðarbotninum, í rökkurbyrjun, en Már óð á undan bílnum í vöðlum og við sluppum. Í dag erum við á suðurleið. – Slungum út veglínu á Þingeyri. Heimsóttum Aðalstein á Laugabóli, fengum þar mjólk og brauð og fórum í laug. Ókum til baka að Mjólkárorkuveri með Aðalstein – Komum kl 10 að Hellu.
5. sept. mánud. Dvöldum fram eftir degi á Hellu í berjum, þá heldum við suður, nú regn og rok. Við Már ökum til skiftis, Jón er í taflför í Svíþjóð. Ko2⁰⁰

9. sept. föstud. Már og Jón nykominn frá útlöndum litu inn á Hellu síðdegis á leið til Ísafjarðar. Jón Viðis Haugi í gærmorgun kl. 10⁰⁰ með vegamálaskr. til Patreksfjarðar en Már og Jón héldu síðdegis af stað til Vestfjarða og gistu í nótt í R171 í Borgarfirði.

26. sept, mánud. Við höfum dvalið hér á Hellu síðan 21. sept. og mælt veg frá vegamótum Vesturlandsvegar við Penings-dalsá að brú á Fossá. Fyrstu dagana var stöðug rigning og dimmviðri allar sprænur uxu og varð Grenjadalsá að óðu fljóti. Veglínan liggur öll um hávaxið kjarr, sem ónotalegt var að ferðast um í slagviðrinu. Á 4. degi laugard. stytti loks upp og gerði sólskin og logn, en undirgróður allur enn rennandi, en skógur kominn í sterka haustliti. Í gær. sd. skruppum við á Patreksfjörð til fundar við verkstjóra, en hann fylgdi okkur til Tálknafjarðar að sýna nýjan

veg um Sveinseyri. Við héldum svo um Suðurfirði með viðkomu í Reykjarfjarðarlaug til gistingar að Hellu.

Nú förum við til Önundarfjarðar, Eigum eftir, – áður en við höldum heim, – að vinna smávegis í Breiðudalsheiði og við brú í Bolungavík. Frá Ísaf. sendum við Má heim en við Jón þurfum að fara á Djúpbát á Melgraseyri og koma í Kaldalón og til Kristleifs í Reykjarfirði og loks að heimsækja Ásgeir Kristmundsson í Skeljavík við Steingrímsfjörð. Ef þetta gengur allt að óskum vonum við að geta rennt okkur til Húsavíkur á heimleið um mánaðamót.

Jón Víðis. Jón Hálfdanars. Már Máss.

-21- föstud

20. október, fimmtudagur. Við Jón Hálfdanarson erum í skyndiferð til Vestfjarða. – Komum að Hellu kl 1[30] í nótt. fórum úr Reykjavík kl 4 í gær er lokið var fundum í Menntaskóla, mánaðarfrí er þar á morgun en Jón

fékk frí á laugardag og mánudag.
Í Hvalfirði gekk á með éljum og í Borgarfirði, en jörð var grá á Bröttubrekku. úr því var alautt, m.a. á Þingmannaheiði og færð sem á sumardegi.
Nú er sólskin og blíðskaparveður og við höldum frá Hellu um kl 10°° norður Vestfjarðaveg.
22. október, laugard. Það var fagurt yfir að líta af hálendisvegunum, er við ókum þar um í gær. Á Dynjandisheiði mættum við bormönnunum af Breiðadalsheiði, á heimleið, vegur var alauður, einnig á Hrafnseyrarheiði og í Dýrafirði, þar mættum við Guðm. Gunnarssyni, flokksstj. hjá Guðm. Þorl.s. á bíl með rör til Gesto í þéttbýlisvegum á Þingeyri. Á Gemlufallsheiði var nokkur snjór og í Önundarfirði var alsnjóa og stöðug snjókoma. Við komum á fjórða tímanum á vinnubúðastaðinn hjá Vedrua, nú var þar ekkert hús uppi, snjókoman færðist í aukana. Við stönsuðum þarna um ½ tíma og mötuðumst.

Bræddum snjó í súpuna og settum
ket úr 1/2 dós út í, kaffi á eftir.
Við ókum svo upp nýja veginn,
upp fyrir Kerlingarhól, að vantan-
legum jarðgöngum, 6 km á 10 mín.
Það var jafnfallinn snjór á vegi c a 15
sm. Við skruppum út á Flateyri en
höfðum þar enga viðdvöl, fréttum frá
konu Guðm. að hann væri uppi á heiði
ofan við Kerlingarhól, í Kinninni,
að bjarga ströndudum bílum, því heið-
in var orðin ófær og lokaðist alveg
um kvöldið. Við héldum nú hið skjót-
asta til baka, óttuðumst að Hrafns-
eyrarheiði kynni að lokast, enda
var nú kominn þar talsverður snjór
er hafði blásið upp hlíðina og fallið
á veginn, sett á vegbrúnina þykkan
skafl. víða yfir metra, eins og bjöl,
en með hlíðinni, efst á vegi var fært.
Einnig var nú kominn snjór í Dýra-
firði, en autt er kom í Arnarfjörð
og úr því.
Við héldum niður í Trostansfjörð,

Í Sunnuhlíð hittum við ýtumennina Marinó frá Tungu í Örlygshöfn og Matthías bónda á Fossi, er unnu að vegagerð. Þeir voru að hætta vinnu, og bauð Matthías okkur með heim í kvöldverð er við þáðum. Í Reykjafjarðarlaug við bílljós. Komum á Patreksfjörð og gistum í gistih. áhh.

Í dag hefur verið bjart veður en svalt. Í morgun ók Bragi með okkur um veg að flugvelli og að Sauðlauksdalsvatni Stönsum m.a. á Skápadalsaurum. Síðan norður Mikladal og í Tálknafjörð út að Sellátranesi, loks til ýtumanna í Sunnhlíð. Þar sneri Bragi heim, en við héldum til gistingar á Hellu.

23. október, sunnud. 1. vetrardagur. Klukku seinkað í nótt. Nú er fagurt yfir að líta héðan frá Hellu. Glampandi sólskin, stafalogn á Vatnsfirði, ginnandi fjara. Við höldum nú austur um sveitu. Ætlum að fara Tröllatunguheiði á Strandir, til Ásgeirs sem er að vinna við Kaldaneslæk og næsta dag væntanl. heim.

31. júlí Við komum úr Hrútafirði í
1967 gærkvöldi, úr gistihúsi okkar Brandagili. Höfum dvalið þar síðan 25. júlí að við komum þangað af Ströndum, höfum mest í Hrútafirði, m.a. veg ofan við Borðeyri. Veðrið var fádæma leiðinlegt, kulda norðaustan „frassi“ Er við heldum vesturum, mætti sólskinið okkur á Laxárdalsheiði, þar skifti alveg um og varð glaðasólskin áfram. Við erum þrír Jón Viðis. Már Másson og Úlfar bróðir hans

Við borðuðum í gær miðd.m í veitingahúsinu í Búðardal en fengum síðdegiskaffi á Kletti í Reykhólasveit hjá M. Ingim.s. Ágætar heitar vöflur, er Úlfar gerði full góð skil 7 stk. Við komum í Djúpadal og hittum gamla kunningja, Kristján og hans frú, þar var boðið kaffi og mjólk. Á Þingmannaheiði mættum við ýtumönnum er voru að fara í Mjóafjörð, á sunnudagskvöldi, en Braga mættum við á Hellishlíð á leið í Kjálkafjörð með sinni frú

Nú höldum við mánud 31. júlí á Breiðadalsheiði, í vinnubúðir Sveinbjarnar Veturliðasonar, norðan Skarðs

Jón Viðis - Úlfar Másson

15. ágúst. þriðjud. Við gistum s.l. nótt í tjaldi hjá Laugabóli í Ísafirði, þáðum morgunhressingu hjá Jóni Guðlaugssyni ráðunauti, er þar býr nú, héldum svo suður Kollafjarðarheiði í dásamlegu veðri mjög slæman veg. Komum í Mjóafjörð til Bermanns, ókum út að Kirkjubóli og gengum til ylumanna, nokkru utar. Þá í Tálknafjörð í vinnubúðir Braga, ókum inn að þveri og gengum spöl á vegarenda. Bragi fylgdi mér að Hellu í sínum bíl, en Bragadætur voru í R 1711 með Úlfari og Má.

16. ágúst miðvikud. Bjartviðri, sólskin er við höldum frá Hellu, skreppum til Reykjavíkur, gerum ráð fyrir að koma við í Brandagili og gróðursetja þar nokkur grenitré.

Björg B. Thoroddsen, Olena Bragadóttir Svafa Bergmannsdó[ttir]

27. ág 67, Þorvaldur S Þorvaldsson, Steinunn Jónsd.
Jón Þór Þorvaldsson, Herdís Sif Þorvaldsd. og Þóra.
Bjarni Þorvaldsson.

Komum hér á miðaftni úr Borgarf. Lögðum úr Rv að aftni ld 26. ág í Sa. stórrigningu. Ókum upp í Borgarfjörð og fengum inni í barnaskólanum að Varmalandi í okkar pokum

Sunnud 27 ág enn rign. síðan sá hvassviðri og vatnsveður mikið, svarta þoka á fjöllum, líka, en smá glenna hér niðri í dal — Gott að koma í húsið hér að Hellu, Fengum okkar beztu.

Steinunn svaf í Þ.B. en við hin undir bár á Pennu að venju. Jón Þór dró smá bleikju —

Mánud 28. ág., enn regn en þó smá uppstyttur og sólfar upp úr nóni. Syndum hér og vendum í vatnið. Mikið og fallegt hér en engin veiði —

Gengum á Hellufjall er Þ.B. var sofnaður í húsinu um kvöldið — Unaðsfagurt kvöld. —

Þriðjud. 29. ág. stórfallegt veður, skýjafar hlýtt og sól.

Förum strax upp að fossum og fundum hér mikið líf í dal og á ferði, Mávar, endur, svanir, kría, tjaldur, [illegible] skarfur og selur á ferði

Steindepill, hrossagaukur og þúfutittlingur í dalnum. Höfum allo ekki vekist á prööst, lóu né spóa eða snípur en þó stelk
Skropp út á sanda utan við Brjánslæk þar var gaman að koma aftur
Reyndum að ná í Bragaverkst. á Patreksf. en tókst ekki, vildum finna út hvar Jón Vídis og lið hans væri
Fórum á Þingeyri að heimsækja Hauk Steinsson lækni og konu hans Steinunni Óskarsdóttur úr Hafnarfirði. Var tekið vel á móti okkur þar
Snéddum en snerum aftur að Hellu og komum hér um miðnætti. Vegir ótrúlega góðir miðað við alla rigninguna. Sérlega hrifin vorum við af vegunum héðan upp Penninga dal og yfir Dynjandisheiði
Miðvikudagur, fallegt veður skýjafar en hlýtt og sól á milli. Gengum frá hér og bjuggum okkur til heimferðar.
Kveðjum með þakklæti
Þorvaldur S Þorvaldsson

24. sept. 1965

Komum hingað kl. 11 f. miðn. í gær frá Núpi í Dýrafirði, þangað laust fyrir kl. 7 stöðugt regn allan daginn. Í Þingeyri höfðum við aðeins tíma til að athuga með séra Stefáni Eggertssyni og Gesti verkstj. hvernig flytja þarf veg vegna flugvallar-

Í dag 24. sept. höfum við ekið vegl. Barð.-[illegible]. Verðum væntanlega í nótt á Patreksfirði, en höldum svo austur, etc. til Húsav. ef tími er til

Jón J. Víðis   Már Viðar Másson

25 sept 1967

Komum hér við kl 8 að kvöldi. Ármann Einarsson og Þorsteinn Ólafsson frá [illegible] eru að setja nýjar [illegible] fyrir báðar hurðir. Ármann hefur sumarbúðir sínar í holtinu vestan við [illegible], hann hefur verið að gera við brúna á Vatnsdalsá og fleira. Við borðuðum kvöldmat í sumarleið. Um kl $7^{30}$ höfðum kynt upp í Hótel. Höldum í Djúp

Jón J. Víðis   Már Viðar Másson

27 júní 1968

Komum úr Kjálkafirði kl 11 að morgni og og erum á leið til Reykjavíkur. Skruppum hingað til að sjá Vatnsfjörðinn. Lentum í kapphlaupi við rebba, sem áður labbaði í hægðum sínum niður með [illegible] rétt áður en [illegible]. Rebbi slapp naumlega. Hér er hin mesta blíða en sólskinslaust og þoka á fjöllum uppi.

Kyrrðin er [illegible], Kofinn er mjög fínn

Jakob Hálfdanarson, Margrét [illegible]dóttir

1968
8. til 9. júlí vorum við undirritaðir í tjaldi í Vatnsfjarðarbotni. Ætluðum við að gista að Hellu, en vegna hita og blíðu kusum við frekar tjaldið. Nutum við þrjár vonar blíðu og höfðum góð kynni.

Hafþ. Gunnlaugsson
Davíð Oddsson.
Örn Þorláksson.

Hef komið hér áður, þótt þess sé að engu getið. Bæði fyrir og eftir að hús þetta var flutt að Hellu. Með þökk.
Gunnlaugur Andrésson

-o-

12. júlí, komum hér í gær síðdegis úr vinnubúðum Braga Thoroddsens í Kjálkafirði og frá Sigfúsi Kristjáns-syni brúarsmið, er smíðar nú brú á Mjóafjarðará í fjarðarbotni.
Norðangola og sólskin, svalt.
Höldum nú til Ísafjarðar og í Breiðadalsheiði
Jón Víðis, Ari Víðis Níelsson, Úlfar Níelss.

14/7 '68 kl 10[20]

Komum hér við á leið frá Patreksfirði í Kjálkafjörð

Jón Víðis, Már Víðir Másson

Olína Bragadóttir

Ingibjörg Guðrún Sigurðardóttir

Úlfar Másson.

—o—

16. júní 1968.

Til að fylla eyðurnar í hina vönduðu gestabók hér á Hellu, skal þess getið, að síðustu vikuna í júlí 1959 mældum við Reynir Kristinsson frá Þverdalsá ca. 6 km á móti Jóni Víðis, gistum þá hér, en vorum í fæði hjá Magnúsi Ólafssyni. Seinasta mælingadaginn, þegar við mættum Jóni og hans liði, fórum við með þeim í leiðir Þorsteins Ólafssonar. Fengum þar lánaðan bíl Jóns og ókum að Mjólkárv.

til að skoða veginn.
Þótti okkur hann mjög
vel lagður. Komum
aftur í tjaldbúðir Þor-
steins kl. 23. Lögðum
svo af stað fótgangandi
yfir fjöllin ca. 13 km.
Milt veður var, en þoka
á háheiðinni; þræddum
við vörðurnar og komum
að Hellu kl. 4 um nóttina.
Með okkur Reyni var
16 ára piltur fóstursonur
Jóhannesar Björnssonar
Hofsósi, hann svaf í búðum
vegavinnumanna.
Þá gistum við Reynir hér,
þegar við mældum frá
brú á Vatnsdalsá að
Hellu. Í júlí-ágúst 1964,
þegar við mældum
frá Auðshaugi út á
Litlanes (með mér voru
Reynir og Jón Hálfdanarson)

gistum við hér nokkur skipti.
Þann 14. júlí sunnudag komum við Egill Jónasson Stardal, Einar Valur Ingimundarson og undirr. hingað að Hellu kl. ca. 7 frá Bjarkarlundi.
Veður var eins gott og það getur orðið á Íslandi.
Settum nokkuð af dóti okkar hér inn. Fórum svo upp á Dynjandisheiði.
Bæði er, að mig langaði sjálfan, að njóta útsýnisins og bruna eftir veginum.
Minnist maður þá hinna gömlu góðu daga, þegar algjör einangrun ríkti á fjöllum, nema hvað nokkrir mælingamenn arka fram og til baka í leit að sem bestu vegarstæði.

Þegar við komum aftur
að Hellu kl. 24, sáum við
að hingað höfðu einhverjir
komið, og leyndi það sér
ekki, þegar gestabókin var
opnuð.
15. júlí. Lengdarmældum
frá Brjánslæk að Þverá 2,14 km
Lukum því kl. $23^{45}$
16. júlí. Fréttum í morgun
að 4 sæta flugvél einhreyfils
væri saknað á leið frá Rvk
til Ísafjarðar. Ætluðum við
að taka þátt í leit héðan
en varð ekki af. Vegav.
menn, brúarsmiðir og bryggju-
smiðir leituðu. Var þetta
höfuðlaus her. Kláruðum
hallamælingu. Kl. 21 kom
hingað ca 30 manna lið frá
Rvk, úr flugbjörgunarsveit og
slysavarnarsveit og ætla að
leita Glámuhálendi í nótt
Egill og Einar eru að

veiða í Vatnsdalsvatni
og kl. er orðin 1[15]
Á morgun munum við
væntanlega halda héðan.
Get ekki neitað mér um
að kíkja á vegagerðina
í Kjálkafirði. Legg til, að
í staðinn fyrir rúmið hér,
sem er 10 cm of stutt fyrir
mig, verði settar tvær
kojur, enda mun oftast
gista hér fleiri en tveir.
Sig. Haukur Sigurðsson

18. júlí 1968 Í gær fórum við
í Kjálkafjörðinn. Gekk með
Braga alla leið að hrauni
og gátum við engar
breytingar gert, sem við
töldum til bóta. Annars
munu fáir gera sér ljóst
hversu afskaplegt „vegarstæðið"
að Litlanesi er.
Flugvélin fannst í gær fjórir

höfðu verið með henni
og voru allir látnir.
Rökrétt afleiðing af að
fljúga inn í þoku.
Vegalengdin frá vegamótum
Þorskafjarðar að Hellu
var á okkar bíl 104,6 km.
Sig. Haukur Sigurðsson

"Verweile doch du bist so schön"

Hér hefði sannt verið að mæla
hin fleygu orð í Vatnsfirði, - í Flókalagi
en á flatþrykkum framnýrum. Ekki
á maður aðeins þessa ósk, að þeirri
viðbætri að friðsæld þessa staðar
verði ekki spillt á bitlöðri atóm-
öld. Á Flókatóftum talar sagan til
ferðamannsins í malskri þögn
á Dynjandaheiði mæta nýruddar
leiðir ferðamanninum með sigur
brosi, - tákn slíu þeirrar kynslóðar
sem ruddi, sprengdi og gerði

greitt þar sem áður mæddist
hófur á hörðu grjóti veglaysunnar.
Heill þeim sem að slíku starfi
stóðu. Ég hlýt samt að kveðja
þennan stað með eina bón í
huga, — að leið sú, sem fyrir-
huguð fyrir botni Kjálkafjarðar,
komi aldrei, — það eru til
staðir á þessu landi sem ber
að varðveita aðeins handa þeim
ferðamanni sem vinnur til þess
að sjá þá og einn slíkur er
þessi skógiþrýddi hlíð með
blómaslóði, berjagnægð, reynitrjám
í klettum og ofar öllu fljúgur
örn; — í heiðbláma þeirrar
kyrrðar sem aðeins verður í
Vestfirzkum fjarðardölum

Egill G. Stardal

Ægir klingir í kletta hring,
í kjarri syngur lóa.
Sólar fingur í sérhverju bing,
sækja upp lyng úr móa

Einar Valur Sigmundarson

—o—

14. ágúst

Komum hér við á leið úr Kjálkafirði til Patreksfjarðar.

Könnuðum í dag vegstæði af Hjarðarnesi um Hörgsnes að Þingmannaá, ásamt Braga Thoroddsen. Vegstæði er hagstæðara en ætla mátti, af afspurn, víða ágætt. Náttúrufegurð er þarna víða stórbrotin. Gróður mikill, prýddur reyni- og víðitrjám, mun gleðja auga vegfarandans. Aðgerðir vegagerðarinnar munu sumsstaðar undirstrika fegurð landslagsins, en ekki spilla.

Jón Víðis

Már Viðar Másson

Úlfar Másson.

brot á Þingmá er þarna hjá
320

15. ág. '68
Við vorum á leið til Ísafjarðar er bíll bilaði. Tókum það ráð að fá hann dreginn að Hellu. Aðalsteinn bryggusmiður á Brjánslæk gerði árangurslausa tilraun til að gera við bílinn til miðnættis
Gistum hér.
16. ág '68, við Úlfar hér, en Már fór í Kjálkafjörð og samdi við Samúel frá Rauðsdal að taka bíl okkar á pall til Patreksfjarðar er vinnu lyki. Þeir hér um kl. 5 – Höldum til Patreksfjarðar
Jón Víðis Úlfar Másson
Már Víðir Másson
17. ág Komum hér við á leið í Djúp til Kr.stleifs förum vom farnl. Kollafjarðarh.
Bíll komst í lag á Patr.f. hádegi, biladur var pétur við keveikju o.fl.
Í dag eftir hádegi fór ég á Kleifaheiði og athugaði og valdi leið frá Kleifabúa í Skarð.- Bragi og Ásberg sýslumaður voru með. Förum frá Patreksf. kl $6^{30}$
Jón Víðis Úlfar Másson
Már Víðir Másson

17.–18. ágúst 1968

Komum hér kl. 11^35 að kvöldi snarvitlaðir eftir að hafa talið hverja einustu beygju og mælt allar brekkur á Þingmannaheiði. Vorum í Bjarkalundi síðustu nótt og erum á heimleið til Ísafjarðar. Höfum verið í sólskini og fínu veðri. — Hér er gott að sofa.

Jakob Hálfdanarson
Halldór Vilhjálmsson.

Idag er 19 ágúst við komum hingað kl 1.30 fórum af stað úr Rvk kl 1 í gær þá var farið að rigna og þegar við komum í Svínadal var rigning og slydda og ofsarok svo varla sá veginn ætluðum að fá gistingu í Bjarkalundi en þar var fullt svo að við fengum inni í Kinnarstöðum í nótt. Svo í morgun var komið besta veður sólskyn ~~en~~ svalt úti og erum við nú hérna, búin að borða og ætlum að tína ber. 20/8 Berin eru bæði fá og smá sennilega búið að tína hér í kring. Sól en hvasst leggjum af stað í heim átt.

Þóra, Már, Þorvaldur, Halla Þóra, og Hafsteinn

Fimmtudaginn 22. ágúst kl. 16[30] komum við Sigríður að Hellu í norðan kalda.
Höfðum gist nóttina áður að Bjarkalundi, en þangað komum við frá Akureyri með viðkomu að Brandagili.
Um kvöldið fórum við að Haga og til baka að Hellu og gistum þar.
23. ágúst dvöldum við að Hellu fram eftir degi. Hittum Jakob Hálfdanarson, sem var hjér á ferð, einnig Braga Thoroddsen.
Síðan hjeldum við til Patreksfjarðar og litudumst um og hittum ýmsa að máli.
Borðuðum hjá Svavari Jóhannssyni og Huldu konu hans. Hjeldum að Hellu um kvöldið og gistum. Góðviðri.
24. ágúst. Steinaveður. Að Hellu. Skruppum að Flókalundi og hittum þar kunningja frá Patreksfirði og Bíldudal. Jón Vídís og förunautar hans komu frá Dagfirði kl. 1 eftir miðnætti og gistu hjér.
25. ágúst. Regn og suðaustan gola.
Á Hellu til kl. [illegible] 16. Hjeldum frá öll áleiðis til Reykjavíkur, en að Brandagili í kvöld.
Sigríður og Jóhann Skaptason

25. ágúst 1968

Komum hér í nótt eftir tafsama ferð frá Ísafirði, þaðan kl 6⁰⁰

Bíll varð brátt í ólagi, hikstaði, virtist missa bensín og þurfti Már stöðugt að vera að skifta um gír til að halda bíl gangandi.

Komumst til Þingeyrar, fengum þar unga mann, Kristján Gunnarsson til að athuga bíl. Eftir 2½ tíma kom hann bílnum í lag, hafði þá skift um háspennukefli, þétti og bilað kerti. Alla leið úr Breiðadal í Hellu-skarð var ofsa kvassviðri og slagviðris-rigning. Í Dynjandisvogi lenti bíll út í vegkant og varð að draga hann upp á veg með jeppa frá Mjólká.

Komum að Hellu kl 1 um nótt, þar þá Jóhann Skaptason og frú, 2 gistu í bíl 1 í húsi. _ Hér á Hellu er nú regnlaust.

Jörð Vigfús, Úlfar Másson

Már Viðar Másson

—o—

4. sept '68

Komum hér í gærkvöldi, laust fyrir kl 9. _ Við Jón H og Jón U. veggf. „eldhúskróh"

Nóttina þar áður gistum við í Branda-
gili ásamt Jóh. Skaptasyni og frú er
voru á heimleið til Húsavíkur.
Í gær stönsuðum við í Reykhólasveit.
Þar er verið að leggja veg frá Bjarkarl.
að Kinnarstöðum. Þá athuguðum við
hversu bæta má veg í Krossgiljum.
Komum í Djúpadal, kaffi hjá Kristjáni
og frú hans. Hann hefur nú flutt sölu-
skúr sinn að Djúpadalsá norðan brúar.
Áttum erindi við Samúel Zakaríasson
er við hittum á Miðhúsum, eyðibýli.
Komum í Mjóafjörð í kvöldmat og
sáum sprengingaframkvæmdir.
Suddaregn var af og til í gær og nú
4. sept. er milt veður og smáv. úrkoma.
Við förum í Kjálkafjörð til Braga Thor.
Jón Víðis
Jón Hálfdanarson
Úlfar Másson

27. sept. 68
Gistum hér í nótt, í gærkvöldi
var milt veður, en þó stjörnubjart

Komum úr Kjálkafirði. Völdum í fyrradag 7.5 km. langa leið fyrir ruðningsveg af Hrafnseyrarheiði austur á Glámuhálendi, með síra Stefáni Eggertssyni og 3 öðrum, þá var bjartviðri og logn. Nú er smá-suddaregn, milt veður.

Jón Víðis
Ingvar Másson.
Jón Hálfdanarson

10. júlí 1969

Komum frá Kirkjubóli í Kerlingarfirði, þar eru nú vinnubúðir Braga Toroddsens

Mag. Ó. Thoroddsen
Jón Víðis
MÁR VIÐAR MÁSSON

11. júlí 1969

Mældum brúarstæði á þingmannaá á leiðinni fyrir Hörgsnes inn með Vatnsfirði. Höldum til Patreksfjarðar

Jón Víðis. MÁR VIÐAR MÁSSON

14. júlí 69
Komum hér við á leið frá Pats.f.
til Ísafjarðar.
Jón Viðis
MÁR VIÐAR

15. júlí 1969.
Höfum sofið hér
tvær nætur og erum
nú á förum að Auðshaugi.
Miklar rigningar hafa
verið síðustu viku og
vegir því víða sleipir
Vegalengd frá Bjarkarlundi
mældist nú 113,1 km. en
í þurrkunum í fyrra 112,5 k
og var þó framdrif á.

Sig. Haukur Sigurðsson
Nikulás Úlfar Másson

Eftir allt hið mikla spól, sem
lýst er hér að ofan, var oss mikill
léttir að komast hingað í sælunnar
reit. Eyddum við nokkru nætur í

heimspekilegar rökræður og vangaveltur og uppfræddum Nikka litla um óendanleik alheims. Morguninn eftir slöfruðum við enn eina fiskbollumáltíðina, en strengdum þess heit, að bifað skyldi framvegis af landsins gæðum. Á leið til vinnu tókst oss að dáleiða nokkra máva, því eins og alþjóð veit, má eigi hleypa af byssu við Breiðafjörð. Við urðum oss úti um nokkra rauðmaga hjá trillukörlum við Brjánslæk og þóttumst vel mega við una, er við héldum heim til Hellu. Sáum við þá, að hér höfðu komið gestir, sem gert höfðu tilraun að ræna oss mjólkinni og veitt oss áminningu í ofanálag. Gerðum við að bráðinni og hurfum svo að mýju til starfsins meðan litlu Nalemólekúlin sintust inn í safaríkt fuglakjötið og fagurrauða fiskhveljuna. Luknum við mælingu kl. 23^30 og skundudum

heimleiðis. Þar varð hinn mesti
handagangur í öskjunni. Rokkið
var orðið og mátti sjá tvær skugga-
verur hringsnúast kringum eld-
glæringabras en þriðja veran hímdi
skjálfandi inni, örmagna af þreytu
og vosbúð. Minnti sviðið óneitanlega
á útilegumannabæli Matthíasar,
sérstaklega vegna þess, að höfuð-
paurinn, Skugga-Haukur var í
miklum gærustakk og kvað við
raust. Vantaði lítið annað en
fáeinar kindatægjur til að full-
komna líkinguna. Kýldu síðan
sumir vambirnar lostæti, en aðrir
létu sér nægja lítið eitt. Segi
menn svo, að eigi sé hægt
lengur að lifa á landsins gæð-
um, etc.

Einar Valur Ingimundarson.

20. júlí, sunnudagur.

Að lokinni viku dvöl að Helle tókum við oss nú upp og höldum að nýju yfir heiði. Ástandið meðal vor er að vísu slæmt; Haukur er sárþjáður í höfði, Úlfar í maga, en sá er þetta ritar hefur þegar þjáðst af veiki þessari, en að fullu náð sér.

Veður er fagurt, og bílastraumur í Flókalund, Í dag mun ágætt að ferðast, því ryklaust er að mestu á vegum.

Einar Valur Ingimundarson
Nikulás Úlfar Másson.

20. júlí. '69

Höfum að undanförnu verið í Súganda-firði, og á Gemlufallsheiði og komið í Hnífsdalsveg, á öllum þessum stöðum standa yfir stórframkvæmdir, auk þess höfum við mælt brú. á Bjarnardalsá og veg um Kirkjubólstún og unnið nokk-uð að mæl. vegar í Dagverðardal, o.fl. Loks hefi ég Jfl setið á 2 umsluf. í Ísafj.s. Er nú á leið til Patreksfjarðar á

á síðustund þar á morgun, höldum
svo austur síðar til móts við Snæbj.
Jónasson og Rögnv. Jónsson, o.fr. er
hefja ferð sína hingað á morgun frá Ro.

Jórunn Viðis
Már Viðar Másson

31./7. 69

Komum hér við á heimleið, hér hafa
enn illa þenkjandi menn brotist inn
og skemmt hurðir og læsingar, líklega
altaf sama fólkið.

Jórunn Viðis
MÁR VIÐAR MÁSSON

16-8-69

Litum inn á leið í Kjölkafjörð.

Rögnvaldur Jónsson

Jórunn Viðis
Bragi Ó. Thoroddsen

27. ágúst 1969

Komum hér af kveldi á leið
til Bolungarvíkur. Drifum okkar

rúmföt inn og hugðumst sofa.
Þeirrar blessunar naut þó aðeins
helmingur liðs vors, því hinn
hraut svo hátt og mikinn, að
ek helzt eigi við innan dyra
lengur, þegar ég hafði þraukað
3 stundir. Sá ég þann kost vænst-
an að flýja til fjalla með berja-
tínu eina vopni. Dvaldist ég
þar 4 stundir og undi þar hag
mínum sýnu betur. Braggaðist
ég svo af berjaátinu og hressandi
morgungöngunni, að ég lagði til
atlögu og tók hús á Hauki og
hrakti hann þaðan út kl $7^{30}$
Einar Valur Ingimundarson.

Sig. Haukur Sigurðsson

28. júní, 1970.

Sigurður Haukur og Co.
hafði hér viðkomu á leið sinni

vestur að Skersfjalli á Barðaströnd. Var komið hér að durunum laugardagskvöldið 27., nákvæmlega 10 mán síðan við vorum hér síðast, eða yfirhöfuð nokkur manneskja, sem haft hefur dug á að láta sín getið. Laugardagurinn reyndist góður, sólarkaflar og hiti um 12 stig. Skelltum við niður brúarstöðunum á Brekkuá í Gufudal, Kraká á Skálanesi og Luská, Ingunnarstaðaá og Deildará á Múlanesi, sem allar voru erfiðar yfirferðar, og mun hin mesta vegabót að dagsverki voru.

Á leið í Vatnsfjörð fórum við í fyrsta sinn leiðina fyrir fjörði, sem opnuð var, að sögn, í maí. Þessi leið er um 14 km lengri en Þingmannaheiði, en ólíkt þægilegri bílum og ritjöndum.

Hér í Hellu tóku tveir á sig náðir, en sá þriðji vildi heldur ljá Dodda félagsskap sinn,

en þeim skordýraómyndum, sem lágu makindalega á gólfi kofans. Mun hann hafa átt náðissama nótt, því Hellnadrauguninn var óvenju kyrrlátur þessa nótt.

Sunnudagsmorgunn, er ekki tiltakanlega upplyftilegur, súld en kyrrt. Förum héðan í friði kl. 10 að morgni.

Einar Valur Ingimundarson
Sig. Haukur Sigurðsson
Úlfar Másson

3. júlí 1970. Komum hingað seint í gærkvöldi úr Kjálkafirði í blíðskaparveðri. Erum nú á leið í Bolungarvíkurveg.

Sig. Haukur Sigurðsson.
Einar Valur Ingimundarson
/ Nikulás Úlfar Másson.

P.S. Þess má að lokum geta, að í hafinu eru 1400.000.000.000.000.000.000 lítrar af sjó með 50.000.000.000.000.000 tonn af uppleystum efnum.

28. júlí 1970.

Komum hér aðeins við í leit að Braga, en hann mun vera á Patró. Kláruðum í gær að mæla veg frá Mjólká að Langavatni 4.4 km. á vegunfjöllum. Vorum mjög heppnir með veður, en nú er þoka á fjöllum. Afmælisdagur pabba hringdi frá Mjólká og talaði við hann. Nú til Patró.

Sig. Haukur Sigurðsson

Þó eigi sjái þess merki af bók þessari að hér hafi nokkrir komið utan staðskráðra, bera þó vegsummerki því vitni að hér hefur verið inn komið í óleyfi. Svo virðist sem leyndarmál lykilsins sé fleirum kunnugt en oklur útvöldum, og munum við gera okkar ráðstafanir....

Einar Valur Ingimundarson

21. ágúst 1970.

Hingað bar oss að garði þann 14. og hér höfum við haldið til meðan

mæling okkar stóð yfir að Haukabergi, Holggstöðum, framhjá Neðri-Arnórsstöðum og austan til í Vattarfirði. Veður hefur mjög breytzt til hins betra þessa viku. Með okkur Hauki Sigurðssyni er í förum landsfrægur maður fyrir skrif sín í landsmálablöðum, og er mál manna, að hér sé komið fram á sjónarsviðið nýtt "autoritát" í sorpmálum. Þetta undramenni er Úlfar Másson, Þórsgötu 17. Þykir oss mikil ávirðing að glæsidrengur þessi skuli ljá oss samveru sína í sumar. Í gærkveld og nótt var Nikki refillinn dauðskelkaður, því Helludrangurinn lét ófriðlega, sérdeilis í gærkveldi. Heyrðust þá hræðileg náhljóð ofan úr hlíðunni, þar sem sögur segja, að Móri sé ættaður. Mátti einnig sjá – að sumra sögn; – höfuðlausan drangsbúkinn bera við himininn, og skók hann höfuðið undir hendi sér og glotti það djöfullega. Okkur tókst að róa Nikka litla og sungum hann í svefn undir sálmasöng og öðrum fagurgala

Héðan héldum við í Skötufjörð og vorum
að Borgum, því annálaða drangabóli.
Ætlum við að mála þyrir botu fjarðar
og eitthvað norður eftir vesturhlíðinni.
Á þessum merkisdegi, er við héðan í
burtu hverfum, eru liðin 2 ár frá inn-
rás Rússa í Tékkóslovakíu, en eitthvað
minna frá innrás Bandaríkjamanna í
Cambodíu, Dominikanska lýðveldið og
Grikkland, en það er önnur saga og
allt í þágu friðar - rétt eins og guð
vill.

Einar Valur Ingimundarson.
Sig. Haukur Sigurðsson
Nikulás Úlfar Másson

22. júní 1971.
Rétt leit inn á leið
til Ísafjarðar með Rögnvaldi.
Már er með bjölluhyrnið á
eftir oss
Sig. Haukur Sigurðsson

15. ágúst '71

Gistum í landi Hellubónda í hjólhýsi Sig. Hauks. Áttum góða nótt og hlakkaði í okkur þegar regnskúrirnar lömdu húsið utan. Erum nú á leið frá Patreksfirði þarsem við gistum hjá Sveini Sigurkarlssyni fulltr. sýslumans og konu hans. Hyggjumst ná til Reykjavíkur í kvöld. Minnist margra gamalla og góðra stunda héðan úr Vatnsfirði frá mælinga-árunum.

Stefán Reynir Kristinsson
Guðríður Þorsteinsd.
Ingibjörg Stefánsdóttir.

Við Már settum hjólhýsi okkar niður hér í Hellulandi en sváfum í Flókalundi.
Áður en lagst var til svefns hófst mikið flugnadráp, sem stóð í ca 1 klst. Sýndi Már frábæra leikni í flugnaveiðum með könnu og hafði hann mest 23 flugur

í einu, gerir aðrir betur.
Nú er loks komið
kolniðamyrkur eftir
mjög gott sumar.
16. ágúst 1971.
Sig. Haukur Sigurðsson

19. ág 71.

Hrökkluðumst úr
svefnpokaplássi hótelsins vegna
yfirgangs stútungskerlinga, og svöfum
hvorki vel né illa í kofanum gjöldi.

Kvökum og þökkum,

Mælingamenn Íslands.

Haukur Sjálfsson
Þórður H. Olafsen
Baldur Hafstað

Ath. Til að forðast misskilning skal það skýrt tekið fram,
að klausuna hér að ofan má engan veginn skilja sem árás á
hótelið eða starfsfólk þess. Bak við klausuna liggur allt önnur
hugsun, umræddum aðilum alls óskyld. Í Flókalundi höfum
við yfir engu að kvarta – öðru nær. Sömu.

27-8-78

Þegar við Haukur höfðum fylgt Reyni og Guðríði til skips, en þau fóru með Baldri um Flatey til Stykkishólms, byrjuðum við á málingu fyrir Hörgsnes. Veðrið hélst þó áfram og þar sem land er erfitt yfirferðar, gáfumst við upp að svo stöddu. Við ókum suður á fund ártuna, þar sem við leituðum huggunar. Ekki varð sú huggun endaslepp, því Guðrún og Þóra slógust í för með okkur ásamt með einum rolling hvor. Ég og Haukur héldum

síðan áfram málingunni en þær frænkur undu hér í 3-4 daga. Þær höfðu u.þ.b. 50 ltr af aðalbláberjum upp úr krafsinu hver. Í dag fara þær suður með áætlunarbílnum, en drengirnir verða eftir hjá okkur í nokkra daga. Ég, Þóra og Hafsteinn gistum hér í 4 nætur. Í tilefni af tvítugsafmæli Hellu hef ég bætt öll hennar göt og hirið með prýði.

Málingarmenn Íslands eru kunningjar okkar (sbr. bls. 98).

Már Eiður Másson
Þóra Þorvaldsdóttir
Hafsteinn Másson

30. ágúst 1971.
Við erum að hverfa á braut héðan eftir tveggja nátta góða gistingu. Húsbóndinn er í berjaferð og stendur á því fastar en fótunum, en frúin segist vera í "sumarfríi", sýndi þó af sér hörku og dugnað við berjatínslu í gær í regnvotum hlíðum Kroks-fjarðar undir "smáskúrum" þeirra á Veður-stofunni.

Þorvarður Örnólfsson
Anna Garðarsdóttir
HELGA MÓA

28. júní 1972
Gistum í nótt í hjólhýsi okkar í Þorskafirði, en þaðan komum við úr Skötufirði. Komum hér við og sópuðum út flugnalíkum, sennilega hefur eitrið sem gnár setti upp í fyrra séð fyrir því. Erum á leið til Ísafjarðar í mjög góðu veðri

Sig. Haukur Sigurðsson.
Sigurður Þorri Sigurðsson.
Valgeir Guðmundsson

16. júli '72: Gistum í Flókalundi, komum hér við, rákumst á gestabók og ritum hér nöfn okkar.

Hafliði Ottósson
Valgerður Samsonard.
Jóhann Samsonar
Hulda Jóhannesd

1. ágúst 1972.

Í gær var brúðkaparveður á Þingeyri. Ákváðum því eftir kvöldverð að hraða för okkar til Reykjavíkur. Gistum fjögur hér í kofa, því með oss í förum er perfekt dama, sem en er óskírð og óskrifandi. Þorri er núna að reyna að plata hana með bandspotta

undan kofanum.
Góða veðrið virtist ekki
ætla að haldast lengi
því nú er komin súld.
Sig. Haukur Sigurðsson
Sigurður Þorri Sigurðsson.
Valgeir Guðmundsson

14. ág. 72 Fórum í gær frá Rvík
Litum hér aðeins inn. Rigning.
Sig. Haukur Sigurðsson
Kristinn R Sigurðsson.
Trausti Sigurðsson
Valgeir Guðmundsson

28. águst 1972.

Fórum úr Rvík laugard. 27. ág. og ókum
sem leið liggur í Bjarkalund. Miklar
skúrir í Dölum, en bjart og sól er við tjöld-
uðum. Komum hér í fallegu veðri og
tjölduðum út við fjárhústóftir. Lægð
sveiflaði sér hér yfir á mánudag með

miklum beljanda, en við fórum á „Arni" okkar til Bíldudals og Patreksfj.
Á þriðjud. gekk í pokkalegt skúraveðri með glennum góðum. Fórum í Suðurbrandsgil og tíndum mokkuð af berjum.
Hangandi veður á miðvikudag, en hlýtt eins og alla dagana, tíndum nokkuð af berjum inn við foss. Aðalbláber lítt þroskuð enda hefur þau þurfa mikla sól, mikið af krækiberjum og þónokkuð af fallegum bláberjum.
Fimmtudag fór yfir lægð sú mesta með mikilli úrkomu, ~~af~~ nú komin skúri og sól skafa hér inn um hurðina.
Kl. er 17[30] við höfum dekkið upp tjald og höldum suður.

Steinunn og Þorvaldur.
Jónþór, Herdís Sif og Þorvaldur Björn

10 sept. 1972. Á leið til Reykjavíkur í fínu veðri.
Sig. Haukur Sigurðsson
Hrafnkell R Sigurðsson.

Aðalheiður A. Guðmunds
Guðrún Sigurðsson skrifstofat
Kristín R. Einarsdóttir "
Aðalheiður Tryggvadóttir "
Sig. Sv. Guðmundsson "

30. Júní 1973 - Komum heim
eftir ferða félagar, sem
leið liggur frá Bolungar-
vík, höfðum lagt upp
frá Ísafirði síðastliðinn
miðvikudag, ókum um
Laxárdalsheiði, gistum
svo í Flókalundi, en
sumir í tjöldum, ókum
næsta dag vestur Barða
strönd og alla leið að
Látrabjargi og svo, norð-
ur um. - Eiríkur á heim-
leið með einhverjum
útúrdúrum - Komum
heim að öllu í röð og reglu,
og allt í besta lagi. -

Ben. Jónasson Jóhann Sigurðsson
Gunnar Sigurðsson Sigurður Sigurðsson

13/7 -73

Vi kom hit från Aukureyri och ska ta båten mot Stykkisholmur. Vi är två ungdomar från Svipjoð som tackar för lånet av stugan en regnig natt, skönt att slippa tältet då.

Anna Söderström
Carl Gustaf Elinder

15/7 1973.

Þórja Einarsdóttir Ísafirði

Kristín Kristjánsdóttir "

Einar Karl Kristjánsson "

Kristján Karl Einarsson "

5.8.73

Vielen Dank für diese Oase im Sturm, Kälte und Regen.

Marlies Thiele } Deutschland
Gisela Herker } Germany

12.8.73 Merci beaucoup pour ce chaud logis
Jean Pierre EUDIER. (NORMANDIE F)

26.8.78 Wir sind auf der Reise hier steckengeblieben und haben Schutz vor Wind und Kälte hier gefunden. Wir danken herzlichst und werden diesen angenehmen Ort der Geborgenheit in stets guter Erinnerung behalten.

Dolf Moeller } Germany
Reinhard v. Rabenau

6.–8 sep. 73.

Hér er kominn flokkur að sunnan til að gera flatarmælingar á umhverfi hússins og gera ýmsar lumbætur á húsinu.
Hér voru fyrir tveir ungir mælingamenn sem eru að vinna í Hörgsnesi og viku þeir ljúflega fyrir aðkomumönnum.

Veður hefir ~~verið~~ bjart og fallegt, en s.l. nótt fraus á pollum. Mikið er af bláberjum hér í nágrenninu og margt um manninn á dal.

Þorvaldur Þorvaldsson
Steinunn Jónsdóttir
Herdís Sif Þorvaldsdóttir
Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson.
Þorvaldur Tómas Másson.
Jörð. Vídís

9.-11. sept. 1973.

Berjaferð. Mættum flokknum að sunnan í Vatnsfirði.
Snæðis með annan mann en Sigurjón einn.
Fórum að Fjallfossi og litaðumst um.
Þokusuddi úti en hlýtt inni Skiljum við allt eins og við komum að því, í fínu lagi.

Sigurjón Benediktsson
Snæclís Gunnlaugsdóttir

15. sept. 1973

Þann 15. ág. komum við hingað að Hellu þrír saman, Steingr., Guðm. Guðmundsson og Páll Ólafsson. Hér vorum við við mælingar á vegum Vegagerðarinnar, m.a. í Hörgsnesi og á Barðaströnd. Veðrið var mjög gott, hlýtt og stillt. Húsið hér notum við sem eldhús en sofum í tjöldum hér fyrir utan. Þann 21. ág. meiddi Guðm. sér í einhverja pest og fór til Reykjavíkur með rútunni. Páll fór 24. ág. í Þorskafjörðinn þar sem hann var með öðrum mælingaflokki í nokkra daga en Steingr. fór til Reykjavíkur þann 25. Guðm. kom aftur um mánaðarmótin ág.-sept. og stuttu síðar bættist í hópinn Helgi R. Þórarinsson og voru hér í nokkrar nætur en vikumótin húsinu fyrir fóru Vidís og fleira fólki. Í gær komu svo Steingr. og Helgi og gistu í húsinu. Erum að mæla í Hörgsnesinu og eins þjóðhátíðarveg í Vatnsdalnum innanverðum.

NB. í júlí 1974. Engin mæling farmst á Hörgsnesi eftir þessa áætlun

Steingr. Jónsson
Helgi Rafn Þórarinsson

Sigt. Sig.

31. maí 1974

Á áttræðisafmæli ættarstólpans kom hér tylft manna til að helga land, sér og komandi kynslóðum.
Við erum í 3 bílum og með hjólhýsi SHS, sem verður hér eftir.
Veður hefir verið einstaklega milt með smá skúrum, en þó samfelldri rigningu í dag.
Girðingarvinna gekk vel og þykjumst við hafa staðið vel að, undir handleiðslu Vallade, en Gunnlaugur stjórnaði framræslu, hliðagerð og gróðursetningu.
Jakob barði klappir og hafði verksvit.
Mætt var og mælt fyrir skógræktargirðingu og enn barði Jakob.
Kl. er nú 13⁰⁰ á annan í hvítasunnu 3. júní, tjöld hafa verið felld og hópurinn að verða búinn til heimferðar.
Nú er að nýju girt á Hellu, en frumkvöðull þessa er Jóhann Skaptason sýsl. rétthafi landsins.
Girðingin er 300 metrar að lengd og landið ½ hektari að stærð.

Jón Víðis Þorvaldur Þorvaldsson.
Valdimar Pálsson
Sig. Haukur Sigurðsson
Trausti Sigurðsson
Gunnlaugur Þórðarson 3447-9585
Jakob Hálfdanarson
ÞORVALDUR BJARNI ÞORVALDSSON.
Hrafnkell Hall Þórisson
Jóhannes Gunnarsson.
Þorvaldur T Mássom.
Jónþór Þorvaldsson.

Á Sjóðshátíð Vestfirðinga 12. júlí 1974 gisti hér Þorvaldur Tómas Másson ásamt kunningjum. Kom hingað 10. ágúst og spilaði golf og skenkti matarleifum fyrir gestunum.

Sig. Haukur Sigurðsson
Kristinn R. Sigurðsson
Sigurður Þorri Sigurðsson.

1974

17.-20. ágúst. Fórum frá Rvk. 15/8 og gistum tvær nætur í Laugargerðisskóla í Hnappadalssýslu. Sigldum yfir Breiðafjörð í blíðskaparveðri s.l. laugardag, með flóabátnum Baldri. Höfum unað okkur vel hér í góðu veðri við berjatínslu, en hér er alls staðar krökkt af berjum. Gistum hér í þrjár nætur, höldum nú til Reykjavíkur.

Jakob Hálfdanarson, ÞÓRHY BJÖRK
Margrét Sveinsdóttir, Jón Viðis, Hlynur Sveinn

27. júní 1976. Afmæli Valgeirs Guðmundssonar er í dag og samkvæmt kirkjubókum er hann 23 ára.
Í tilefni dagsins tókum við okkur frí frá vinnu í Kollafirði og skruppum hingað að Hellu Sopruðum við kofann og dustuðum dýnur m. m.
Drukkum svo afmæliskaffi í góðu veðri hér utan dyra.
Sig. Haukur Sigurðsson
Valgeir Guðmundsson
Sigurður Þórir Sigurðsson.
Kristinn. R Sigurðsson.

8. júlí 1976
Sváfum vel hér í nótt undir bláum stjörnuhimni. Öllum út á Látrabjarg í dag.
Fórum með Akraborginni kl. 10 þann 6/7 upp á Akranes. Slóruðum þar og nutum hádegisverðar hjá Þóru Guðrúnarsystur. Héldum

frá Akranesi kl. $2^{30}$. Ókum ekki eins og flestir heldur Heydalsveg yfir Snæfellsnes. Var þetta að nokkru óvilja verk, en vegurinn reyndist góður og umferð engin. Komum um síðir, kl. 9½, í Kollafjörð í farandskála SHS, er áður er getið. Viku heimamenn úr rúmunum og fóru að tjalda í eina skúrnum, sem enn hefur orðið á veginum okkar. Guðrún var orðin afvön hrotum bónda síns og svaf eftir því. Að morgni var gott veður undi ég mér við myndatöku út í skeri undan búðum vorum við Galtará. Fyrr en varði fór að falla að og mátti ég ösla með þrífót og fleiri græjur út í sjó og yfir stígvél. Reyndar voru björgunarmenn til staðar, en þeir höfðu ætlað sér að bjarga mér á gúmíbát ef flatt væri meir. Misstu þeir nú af þeirri vegsemd. Við Guðrún gengum síðan á fjall

Gufudalsháls, Reyndar lýsir Jóhann Skaptason því að ganga eigi hálsinn frá austri til vesturs, en við gengum frá vestri og hættum á há hálsinum ~~er~~ sá til Vaðalfjalla. „Ljáðum eyra við náttúrunni" og átti „dýrðin-dýrðin" lóunnar þar stærsta ~~plátt~~. Á leiðinni upp fylgdum við löngum gamla reiðvegi þeim er Guðmundur góði vígði forðum. (sbr. Árbók FÍ 1959)

Héldum í besta veðri frá Kollafirði um kl. 19. Stönsuðum víða og nutum útsýnisins, stilla var á hverri tjörn og fjarðarbotni, og skarfur sat á steini við Mjóafjörð. Komið að Hellu kl. 21$^{30}$

Upp fórum frá Hellu kl. 11. Voru þá Haukur, Þorri, Kristinn og Valgeir komnir í lið með okkur.

Bergþóra Sigurðardóttir
Guðrún Kristinsdóttir
Trausti Sigurðsson.

10 júlí. Þá vitum við að geldinga-
1976 hnappur vex á ystu nöf og
kom það okkur á óvart. Sýnir það
að máttur fugladritsins er meiri
en vestanvindsins. Heimsóttum
Snæbjörn Oddvita í Kvígindisdal
og ók hann ásamt Elfu og Þórdís
með okkur á Rauðasand. Við
Guðrún héldum áfram og
tjölduðum í Mikladal um
miðnætti. Í gær ókum við til
Bíldudals; stönsuðum við
Kríuvarp í Otradal og sáum
unga opna glugga á hús sitt
og kríu mata unga sína. Liggur
vegurinn gegnum kríuvarpið
og spásera þær með unga sína
á veginum. Steikjandi hiti var
en mistur. Stönsuðum efst
í Norðurdal og hugðum að
skófum á steinum og Guðrún
tók myndir. Héldum út
á Dynjandisheiði en snérum
við rétt handan sýslumarka.

Og þar víða melasól í vegkanti.
Hugðum að jökulnínum klöppum,
þótt mikill hafi verið máttur
jökulsins er hann hefur flutt
ótal Grettistök undraðumst
við enn meir mátt mannsins
að leggja vegi um brattar
stórgrýtis skriður, en ekki
laust við að sumum brygði
að mæta bíl á Hafnarmúla
og reiddust fleiri en einn
er bíll vék ekki á leið okkar niður
Kleifaheiði í fyrradag.
Komum hér um kl. 20 í
gærkvöldi. Lásum Látrabjarg
og Árbók FÍ '59 fyrir opnum
húsdyrum. Vöknuðum í morgun
kl $8^{30}$ við að þröstur flaug
inn um gluggann. Enn
sólskin og hlýindi en nú sést
ekki Snæfellsnesfjallgarðurinn
eins og í fyrradag.
Bergþóra Sigurðardóttir

Þeirri og öllu samþykk frásögn fararstjórans í þessari ógleymanlegu ferð. Tign og tvíkaleiki vestfirskrar náttúru hefur aldrei heillað mig eins og þessa sumarblíðu og fögru júlídaga.

Guðrún Kristinsdóttir.

Afturgöngur.

Samdægurs. Gátum ekki slitið okkur héðan. Gengum að Helluvatni þar sem áin (lækur) Eiðisá, rennur úr því. Heyrðum hið leyndardómsfulla mál Himbrimans og sáum hann. Gengum síðan á Hellufjall og komum hingað óþarflega sólbakaðar. Bezta veður í heimi og hefðu Ermkladi haft bezt þarna uppi. Skiljum ekki af hverju Flóki kallaði landið Ísland. Ætlum niður í Flókalund að fá okkur ís. Þær sömu.

Hitti eg Sigurd Hauk í Kollafirði, páði eg hardla og morgunverð, hjá honum, sem ekki voru skorinn við nögl.
Bauð Sigurður Haukur mér að dafoll við hér, og hef eg átt góða daga.
17 júlí
Jens Sigurðsson

18 júli 1976
Hittum Sigurð Hauk.
í Kollafirði ásamt sonum hans benti hann okkur á Sandhús það er hér stendur. Litum síð á húsakostinn og lásum fertasögu Bergþóru og bræðranna.
Heimir Jóhannsson
Guðfríður Kjartansd
Sturla J. Heimisson

26 ágúst 1976.

Við komum hér og fengum að gista hér, eftir að hafa gengið hálfa Dynjandisheiði í þoku og roki áttum ekki fyrir gistingu á hótel Flókalund.

Erum á leið til Rvk frá Ísafirði eftir að hafa unnið þar í hálft sumar gistum í garnótt á eyðibýli í Geirþjófsfirði (Langibotn)

Við þökkum mótingarmönnum af öllum mug.

Gunna og Lok.
Dagmar.